FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
196. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 22. ÁGÚST 2017



Nikolaj Olsen, sem sést hér í forgrunni, og Thomas Möller Olsen (t.h.) virtu hvor annan ekki viðlits þegar sá fyrrnefndi gaf skýrslu fyrir Héraðsdómi Reykjaness í gær. Á meðan á vitnisburði Nikolajs stóð starði Thomas út um glugga í dómsalnum sem snýr út að Hafnarfjarðarhöfn. Þar lá Polar Nanoq, skipið sem bar hann hingað til lands í upphafi árs, bundið við bryggju. Dómsformaðurinn Kristinn Halldórsson (t.v.), verjandinn Páll Rúnar M. Kristjánsson og fyrrverandi rannsóknarlögreglumaðurinn Jón Óttar Ólafsson fylgdust gaumgæfilega með hverju orði. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR

# Andrúmsloftið rafmagnað

Thomas Möller Olsen segir nú að annar maður hafi verið með Birnu Brjánsdóttur þegar hún hvarf. Hann bar því við að þrýstingur lögreglu hafi leitt til þess að hann sagði ósatt. Þrúgandi stemning var í dómsalnum í gær.

**DÓMSMÁL** Thomas Möller Olsen varpaði sök á annan skipverja Polar Nanoq með vitnisburði sínum við upphaf aðalmeðferðar máls ákæruvaldsins gegn honum. Thomas er sakaður um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur í upphafi árs. Framburður hans hefur tekið miklum breytingum frá rannsóknarstigi.

Á meðan á rannsókn málsins stóð bar Thomas því við að hann hefði við annan mann, Nikolaj Olsen, sem um skeið hafði stöðu sakbornings, tekið tvær stúlkur á Laugavegi upp í bíl aðfaranótt 14. janúar síðastliðins. Þeir hefðu ekið með þær til Hafnarfjarðar, með viðkomu hjá golfskála GKG, þar sem hann hefði skilað þeim af sér. Í gær sagði hann aftur á móti að aðeins ein stúlka hefði verið í bílnum. Þeir hafi stoppað við golfskálann svo hann gæti pissað og á meðan hafi Nikolaj ekið bílnum á brott. Þegar Nikolaj kom aftur til baka var stúlkan á bak og burt.

> Lögreglan vakti mig á tveggja tíma fresti og öskraði á mig: „Hvar er hún, hvar er hún?“
>
> Thomas Möller Olsen

Þaðan hafi þeir ekið sem leið lá að Hafnarfjarðarhöfn og í skip sitt. Sakborningurinn neitaði því alfarið að hafa gert Birnu mein.

„Lögreglan vakti mig á tveggja tíma fresti og öskraði á mig: „Hvar er hún, hvar er hún?“ Lögreglan kom mjög illa fram við mig,“ sagði Thomas í gær. Hann sagði spurningar rannsakenda hafa verið leiðandi og að auki hefðu þeir ítrekað sýnt honum myndir af líki Birnu. „Þeir sögðu að ég hefði gert þetta. Ég var stressaður og vildi hjálpa.“

„Það er rétt að hann kvartaði undan þrýstingi við mig og að menn hefðu komið inn í klefa til sín. Ég ræddi við starfsmenn og bað ákærða um að láta mig vita ef slíkt gerðist,“ sagði Einar Guðberg Jónsson lögreglufulltrúi. Hann kannaðist ekki við það að öskrað hefði verið á ákærða, hvorki við skýrslutöku eða þá að hann hefði verið vakinn með slíkum hætti.

Framburður Thomasar stangaðist á við framburð Nikolajs en sá gaf einnig skýrslu fyrir dómi í gær. Ákærði gat að auki ekki útskýrt það hvers vegna blóð úr Birnu fannst í bílaleigubíl og á úlpu hans eða hví fingraför hans fundust á ökuskírteini hinnar látnu. Þá gat hann ekki svarað hvað hann hefði aðhafst milli sjö og ellefu að laugardagsmorgni. – jóe / sjá síðu 8 og 9

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Logi Már Einarsson skrifar um hlutverk kennara. 10
**SPORT** Sverrir Ingi Ingason fer vel af stað með Rostov. 12
**LÍFIÐ** Silla Berg vinnur með Hollywood-stjörnu. 22
**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK** ●

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

WWW.SMARABIO.IS
SMÁRABÍÓ
MAX
FULLKOMNASTA TÆKNIN
LÚXUS
MESTU ÞÆGINDIN
LASER
Í ÖLLUM SÖLUM
Smárabíó – eins og bíó á að vera!

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg
Actavis

50% afsláttur
Frír linsupakki
Einnota linsur • Afsláttarkort
Gríptu afsláttarkortið næst þegar þú kaupir daglinsur í Augastað
augastaður
Gleraugnaverslunin þín
MJÓDDIN | FJÖRÐUR

## Veður




Hægur vindur í dag og víða léttskýjað, en skýjað á Norðausturlandi. Áfram hlýtt í veðri. SJÁ SÍÐU 16

# Gylfi Þór fékk hlýjar móttökur í sínum fyrsta leik með Everton




**Stór stund** Dýrasti leikmaður í sögu Everton, Hafnfirðingurinn Gylfi Þór Sigurðsson spilaði sinn fyrsta leik fyrir félagið í gærkvöldi er Everton gerði 1-1 jafntefli gegn Man. City á útivelli. Gylfi spilaði síðasta hálftímann í leiknum og fékk ekki úr miklu að moða í frumrauninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Höfuðstöðvar Nýherja í Borgartúni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kynna Tempo fyrir erlendum fjárfestum

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur Nýherja hafa kynnt erlendum fjárfestum rekstur dótturfélagsins Tempo. Ekki hefur þó verið ákveðið hvort félagið verður sett í formlegt söluferli.

Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja, segir að fyrst liggi fyrir að ljúka ákveðnum áföngum áður en tekin verði ákvörðun um það. Meðal þeirra sé yfirfærsla viðskiptavina á nýja útgáfu af Tempo Cloud fyrir Jira sem lauk nú í sumar.

Hann segir stjórnendur Nýherja og Tempo hafa fundað með fjárfestum á ráðstefnum í Lundúnum og San Francisco. Þeir hafi sýnt félaginu töluverðan áhuga.



**Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja.**

„Við höfum horft til þess að fá til liðs við okkur samstarfsaðila sem hefur reynslu og þekkingu á alþjóðlegri hugbúnaðarstarfsemi sem myndi nýtast til að styðja enn betur við þann vöxt og uppbyggingu Tempo sem fram undan er. Ef af yrði, þá kemur til greina að selja meirihluta í félaginu, en líklega ekki félagið í heild sinni. Við höfum mikinn hug á að vera áfram þátttakendur í þeirri frábæru vegferð sem Tempo er á,“ segir hann en tekur þó fram að það sé hlutverk stjórnar að ákveða það endanlega. – kij

# Skólahaldi frestað vegna magakveisu

**MENNTUN** Fresta þarf skólasetningu í Hvassaleiti, annarri af tveimur starfsstöðvum Háaleitisskóla, sem fram átti að fara í dag, vegna veikinda starfsfólks til fimmtudags. Svo segir í tilkynningu á vef skólans.

Viðtöl við foreldra fyrstubekkinga frestast sömuleiðis af þessum sökum. „Margir starfsmenn í Hvassaleiti veiktust í liðinni viku af magakveisu og er ekki ráðlegt að hefja skólastarfið á meðan smithætta getur verið fyrir hendi. Verið er að kanna ástæður veikinda starfsfólks í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og sóttvarnalækni,“ segir á vef skólans. – ktd

**» Verið er að kanna ástæður veikindanna.**

# Uppistand Ara Eldjárns slær nú í gegn erlendis

**Ari Eldjárn sýnir uppistand sitt fyrir fullu húsi á stærstu listahátíð heims í Skotlandi og fær glimrandi dóma. Grínarinn heldur upp á fjögurra afmæli dóttur sinnar með fjölskyldunni í dag. Skoraði á sjálfan sig að flytja uppistand á ensku.**

**SAMFÉLAG** Uppistandarinn Ari Eldjárn fékk nýverið fjórar stjörnur fyrir uppistand sitt Pardon my Icelandic sem hann sýnir fyrir fullu húsi á grínhátíðinni í Edinborg. Gagnrýnandi Chortle blaðsins, Steve Bennett, lofsamar sýningu Ara sem er um klukkutíma löng. Mun hann sýna 21 sýningu á 25 dögum og er núna rúmlega hálfnaður með sýningaröðina.



**Ari treður þessa dagana upp fyrir fullu húsi í Skotlandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er gaman að fá svona jákvæðan dóm. Það hefur verið uppselt á allar sýningar hingað til og þetta hjálpar vonandi til við að halda því þannig út mánuðinn,“ segir Ari. Dóttir hans fagnar fjögurra ára afmæli sínu í dag og það var því hamagangur á dvalarstað fjölskyldunnar í borginni í gær. „Konan mín og dóttir mín eru búnar að vera hér með mér seinustu vikuna sem hefur gert þetta miklu skemmtilegra. Þetta er í raun búið að vera svolítið líkt því að vera heima á Íslandi. Ég vinn bara mína vinnu á daginn og svo tekur við barnastúss og matseld hjá okkur og við höfum verið dugleg að skoða Edinborg og finna skemmtilegar barnasýningar. Foreldrar mínir komu líka í heimsókn í nokkra daga og í raun er búið að vera stanslaust rennerí af gestum.“

Hátíðin í Edinborg, sem flestir þekkja sem The Fringe, er stærsta listahátíð í heimi. Grín og uppistand er stór hluti af hátíðinni og margir grínistar koma þar árlega til að freista þess að fá áhorfendur til að hlæja. Ara hefur gengið vel og er þetta er í annað skipti sem hann fær fjórar stjörnur fyrir sýninguna, en áður birtist dómur í stærsta dagblaði Skotlands, The Scotsman.


# Hot stuff from Iceland

COMEDY

Ari Eldjarn: Pardon My Icelandic
Heroes@Monkey Barrel (Venue 515)
●●●●

After watching Ari Eldjarn you might find yourself saying things like: "Oh my goodness I'm being so Icelandic," or "I wish I was more like a Danish person".

Making fun of geographical differences is no new thing in comedy – bringing out the characteristics of people of a neighbouring town, country or continent.

But Eldjarn uses the Nordic countries as a giant toybox, introducing us to mannerisms and prejudices we didn't even know existed.

He shows us funny Norwegians, funny Finns and explains why absolutely everyone can't stop laughing at people from the Faroe Islands.

It's affectionate, silly and hilarious – a bit like watching an Asterix the Gaul cartoon brought to life.

Eldjarn, who is at the Fringe for the first time but who is fairly well known in Iceland, begins with a step-by-step guide to his native land.

He tells us how it feels to live in such a tiny country, introduces us to the ... centric. Eldjarn also used to be an air steward, and has a whole load of tremendous airline material – including a fantastic impersonation of the way Scottish people behave on planes.

As the show progresses, Eldjarn gets stranger and more surreal.

He slips in and out of sound effects as easily as he does different languages and accents, a riff on the behaviour of his baby daughter turns into a ridiculous parody of Game of Thrones.

There can't be many stand-ups at the Fringe throwing out punchlines in so many languages – but Eldjarn doesn't lose his audience for a moment.

This modest-seeming man has some impressive comic tricks up his sleeves.

CLAIRE SMITH

MUSIC

PJ Harvey

**Ari hefur fengið dóm frá einum virtasta gríngagnrýnanda Bretlands.**

„Ég hef aldrei áður haft tök á að stökkva hingað enda stendur hátíðin yfir í rúman mánuð en ég ákvað í upphafi árs að kýla á þetta og sé aldeilis ekki eftir því. Það eru um 4.000 sýningar í gangi á hátíðinni og ég hef kynnst ótrúlega mörgum og séð tugi sýninga. Sem betur fer hafa komið gagnrýnendur á sýninguna mína líka því það er ekki á vísan á róa með það. Það eru ekki allir sem fá dóm og tveir fjögurra stjörnu dómar telst mjög gott. Sumir fá kannski einn slíkan á ferlinum og nýta sér það þá út í hið óendanlega,“ segir hann.

Steve Bennett er einn virtasti gríngagnrýnandi Bretlands og Ari segir að það hafi komið sér skemmtilega á óvart að hann hafi getað mætt á sýninguna. „Hann var mjög hrifinn af sýningunni og fannst þetta greinilega skemmtilegt og ferskt. Ég átti ekki von á svona fallegum orðum því það er svo mikið í boði og erfitt að skera sig úr þannig að ég held að hann hljóti að hafa hitt á afar góðan sýningardag. Ég veit ekkert hvað þetta þýðir, kannski þýðir þetta allt og kannski ekkert. Það eina sem ég veit með vissu er að ég er mjög ánægður með að hafa látið loksins verða af þessu“ segir Ari.

benediktboas@365.is






Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7040 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050 mazda.is

# Römblumorðinginn skotinn til bana af lögreglu

**SPÁNN** Lögregla skaut Younes Abouyaaqoub, sem grunaður er um árásina á Römblunni, til bana vestur af Barcelona í gær. Abouyaaqoub var klæddur sprengjuvesti og samkvæmt spænskum fjölmiðlum kallaði hann „Allahu akbar“ þegar lögregla nálgaðist.

Lögregla hafði leitað með öllum tiltækum ráðum að hryðjuverkamanninum frá því fyrir helgi og var jafnvel talið að honum hefði tekist að flýja til Frakklands. Fannst hann þó í Subirats sem er í um fjörutíu kílómetra fjarlægð frá Barcelona.

Á blaðamannafundi í gær lýsti lögregla því hvernig Abouyaaqoub er talinn hafa flúið af Römblunni eftir að hann myrti 13 með því að aka sendiferðabíl sínum niður göngugötuna. Sést Abouyaaqoub á öryggismyndavélum ganga í gegnum markaðinn skömmu eftir árásina.

Um níutíu mínútum síðar flúði Abouyaaqoub í háskólahverfi borgarinnar, að sögn lögreglu. Er hann sagður hafa stolið bíl en eigandi bílsins, Pau Pérez, fannst stunginn til bana í aftursætinu.

Pérez varð þar með fimmtánda fórnarlamb árásarhrinu hryðjuverkasellu Abouyaaqoub. Selluna skipuðu tólf menn og höfðu þeir ráðlagt að gera bílsprengjuárásir á borgina með 120 gaskútum sem þeir höfðu sankað að sér.

**»** Lögregla lýsti því hvernig Abouyaaqoub er talinn hafa flúið af Römblunni eftir að hann myrti 13 með því að aka þá niður.

Auk Pérez fórust þrettán í árás Abouyaaqoub á Römbluna og ein kona í bænum Cambrils. Þar voru einnig fimm meðlimir hryðjuverkasellunnar skotnir til bana.

Íslamska ríkið lýsti yfir ábyrgð á árásunum. **– þea**



**Spænskir miðlar segja Abouyaaqoub látinn.** NORDICPHOTOS/AFP

# Útskrifast fyrr ef birtu nýtur á sjúkrastofunni

**DANMÖRK** Þunglyndissjúklingar sem liggja á sjúkrastofum sem hleypa inn mikilli dagsbirtu útskrifast að meðaltali 30 dögum fyrr en þeir sem liggja á sjúkrastofum sem ekki eru jafn bjartar. Þetta er niðurstaða rannsóknar vísindamanna við Kaupmannahafnarháskóla.

Rannsakað var hvernig 67 þunglyndissjúklingar á Rigshospitalet í Kaupmannahöfn brugðust við dagsbirtu en á sjúkrastofum með glugga í suðaustur var dagsbirtan 20 sinnum meiri en á stofum sem voru með glugga í norðvestur.

**»** Tuttugu og níu sjúklinganna sem nutu mikillar dagsbirtu útskrifuðust að meðaltali eftir 29 daga.

Tuttugu og níu sjúklinganna sem nutu mikillar dagsbirtu útskrifuðust að meðaltali eftir 29 daga. Það var 30 dögum fyrr en hinir sjúklingarnir sem útskrifuðust að meðaltali eftir 59 daga. **– ibs**

# Bönnuðu mjólk frá Viðvík

**LANDBÚNAÐUR** Dreifing mjólkur hefur verið stöðvuð til bráðabirgða frá bænum Viðvík í Skagafirði. Ástæða dreifingarbanns er að eftirlitsmanni Matvælastofnunar var meinaður aðgangur að eftirlitsstað. Í tilkynningu frá Matvælastofnun segir að ef ekki sé unnt að framkvæma eftirlit geti stofnunin ekki sannreynt að framleiðslan uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti í matvælaframleiðslu. Á meðan slíkt ástand vari sé ekki hægt að heimila dreifingu matvæla. Dreifing mjólkur frá bænum verður stöðvuð þar til eftirlit getur farið fram. **– jhh**

# Viðreisn fékk milljónir frá Helga

## Helgi Magnússon og félög honum tengd styrktu flokkinn um 2,4 milljónir á stofnári hans. Fjárfestirinn var stærsti einstaki bakhjarl flokksins. Fyrrverandi gjaldkeri Samfylkingarinnar styrkti Viðreisn.

**STJÓRNMÁL** Fjárfestirinn Helgi Magnússon og félög honum tengd lögðu Viðreisn til 2,4 milljónir króna á síðasta ári. Þetta kemur fram í ársreikningi flokksins sem Ríkisendurskoðun hefur birt. Helgi er stærsti einstaki bakhjarl flokksins sem fékk alls rúmar 26,7 milljónir króna í framlög frá einstaklingum og lögaðilum á stofnári hans.

Athygli vekur að þó nokkrir bakhjarlar styrkja flokkinn um meira en 400 þúsund krónur sem er lögbundin hámarksfjárhæð sem einstakur aðili má styrkja flokka með. Skýringin liggur í því að þar sem um var að ræða fyrsta starfsár flokksins skilgreindi stjórn hans öll framlög sem stofnframlög. Er vísað til þess að í lögum um fjármál stjórnmálasamtaka sé kveðið á um að framlög, sem veitt eru í beinum tengslum við stofnun stjórnmálasamtaka, megi að hámarki nema sem svarar tvöföldu hámarksframlagi, eða 800 þúsund krónum. Tuttugu félög styrktu flokkinn um 400 þúsund krónur og einn einstaklingur.

Helgi, sem var einn af stofnendum Viðreisnar og áhrifamaður á bak við tjöldin þar frá upphafi, styrkti flokkinn um 800 þúsund krónur persónulega. Félög hans Varðberg ehf. og Hofgarðar ehf. lögðu síðan til 400 þúsund krónur hvort og bein framlög í hans nafni því komin í 1,6 milljónir. Helgi er einn af stærstu hluthöfum N1 í gegnum Hofgarða



**Helgi Magnússon er einn af stofnendum Viðreisnar og hefur verið áhrifamaður á bak við tjöldin.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**»** Félagið Miðeind ehf, sem er í eigu fyrrverandi gjaldkera Samfylkingarinnar, styrkti Viðreisn um 200 þúsund krónur

og er varaformaður stjórnar félagsins. Olíufélagið styrkti Viðreisn um 400 þúsund krónur líkt og Bláa lónið þar sem Helgi er stjórnarformaður og meðal helstu eigenda í gegnum Hofgarða. Alls nema framlög Helga og félaga sem honum tengjast til Viðreisnar því 2,4 milljónum króna eða ellefu prósentum af heildarframlögum til flokksins í fyrra.

Af öðrum bakhjörlum flokksins er náinn viðskiptafélagi Helga, Sigurður Arngrímsson, sem styrkti flokkinn um 1,2 milljónir; 400 þúsund persónulega og annað eins í gegnum félög sín Ursus Maritimus og Saffron Holding.

Eitt framlag vekur þó sérstaka athygli þótt það sé ekki af sömu stærðargráðu en það eru 200 þúsund krónur frá félaginu Miðeind ehf. Það er í eigu fjárfestisins Vilhjálms Þorsteinssonar sem þar til í lok mars í fyrra var gjaldkeri Samfylkingarinnar. Lét hann af störfum þar eftir umfjöllun um tengsl félags í hans eigu við Panama-skjölin.

Viðreisn var rekin með ríflega tíu milljóna króna tapi á stofnárinu.

**mikael@frettabladid.is**

### Hæstu framlög til Viðreisnar

**Einstaklingar sem gáfu 800 þúsund krónur:**
- Helgi Magnússon
- Þórður Magnússon
- Páll Kr. Pálsson
- Thomas Möller
- Páll Jónsson

**Lögaðilar sem gáfu 800 þúsund krónur:**
- Svartá ehf. (Eigandi Vilmundur Jósefsson)
- Þarabakki ehf. (Eigandi Daníel Helgason)


FRUMSÝNING
GRAND CHEROKEE TRAILHAWK®
Laugardaginn 26. ágúst
Opið frá 12 - 17
Jeep®

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




www.honda.is

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
**Já, og meira fyrir peninginn.**

BERNHARD

**Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is**

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

# Tugir milljóna farið úr söfnun í kostnað

**SAMFÉLAG** Alls hefur kostnaður við áheitasöfnun fyrir Reykjavíkurmaraþonið numið tæpum 23 milljónum króna frá árinu 2012 og hefur sá peningur fengist með því að taka 5 til 7 prósenta hlut af áheitasöfnun hvers árs.

Íslandsbanki tilkynnti í gær um að ekki yrði lengur tekið af söfnunarfé til að standa undir kostnaði eftir gagnrýni nokkurra hlaupara. Mun bankinn framvegis greiða allan kostnað sem fellur til við söfnunina.

Stærstur hluti kostnaðar undanfarin ár hefur farið í tölvukerfið að baki vefsíðunni sem hýsir áheitasöfnunina. Sá kostnaður var mestur árið 2013, eða 3.052.380 krónur, en minnstur ári áður, 2.326.438 krónur.

Launakostnaður var næststærsti liðurinn en hann lækkaði árið 2015 eftir að mögulegt varð í fyrsta sinn að greiða með debetkortum. Var sá kostnaður mestur árið 2014, 2.248.575 krónur, en minnstur árið 2012, 635.600 krónur.

Færslugjöld eru svo þriðji kostnaðarliðurinn en þau voru hæst í fyrra, 802.582 krónur. Liðurinn hefur stækkað ár frá ári samhliða því sem áheitasöfnunin stækkar.

Þessar upplýsingar má finna í tilkynningu Íþróttabandalags Reykjavíkur frá því í gær. Segir þar að bandalagið fagni því að Íslandsbanki ætli sér að greiða kostnað söfnunarinnar og að hlutfallinu sem tekið var af söfnunarfé hafi alltaf verið haldið í lágmarki.

– þea

## Fylgdust vel með almyrkvanum



Almyrkvi á sólu sást stranda á milli í Bandaríkjunum í gær. Fólki gafst færi á að sjá fyrirbærið í gegnum vefstreymi í Geim- og vísindastöðinni í Oakland í Kaliforníu . Á stjörnufræðivefnum segir að þetta sé í fyrsta sinn síðan árið 1918 að almyrkvi gengur þvert yfir Bandaríkin FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Afmæli eiginkonunnar haldið í leikhúsinu

**Fertugsafmæli eiginkonu leikhússtjóra Borgarleikhússins var haldið í forsal leikhússins um helgina. Starfsfólk leikhússins fær að leigja rýmið til einkasamkvæma þegar engin starfsemi er í leikhúsinu. Fá salinn leigðan á starfsmannaafslætti og leigan rennur til LR.**

**SAMFÉLAG** „Við erum almennt ekki að leigja út salinn, en starfsfólki er gefinn kostur á því á þeim tíma sem engar sýningar eru í húsinu, frá miðjum ágúst til byrjun september,“ segir Kristín Eysteinsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins, sem hélt upp á fertugsafmæli eiginkonu sinnar, lögmannsins Katrínar Oddsdóttur, í forsal Borgarleikhússins um helgina. Slíkt stendur almenningi ekki til boða. Kristín segir að dæmi séu um að starfsfólk nýti sér þennan dauða tíma í starfsemi leikhússins til að halda brúðkaup, afmæli og erfidrykkjur.

Aðspurð hvort greidd sé leiga fyrir slík afnot af húsnæðinu segir Kristín svo vera en um sé að ræða sérstakt starfsmannaverð. Aðspurð segir Kristín að hún og Katrín hafi greitt 40 þúsund krónur fyir salinn einan. Hún segir alla leigu á húsinu renna til Leikfélags Reykjavíkur.

Kristín bætir við að öll laun starfsfólks Borgarleikhússins séu greidd af þeim sem veisluna heldur hverju sinni, ekki leikhúsinu og sama eigi við um veitingar.

„Við elduðum mat sjálfar og keyptum allt áfengi sjálfar, að sjálfsögðu.“ Af myndum á samfélagsmiðlum að dæma var fertugsafmælisveislan hin glæsilegasta og forsalurinn vel nýttur fyrir skemmtiatriði af ýmsum toga.

> Við elduðum mat sjálfar og keyptum allt áfengi sjálfar.
>
> Kristín Eysteinsdóttir Borgarleikhússtjóri



Kristín segir að verðlisti sé til fyrir leigu á sölum Borgarleikhússins, sem hafi meðal annars verið leigðir fyrirtækjum til fundarhalda. Það sé þó fátítt.

„Sökum anna hér á veturna þá getum við nánast aldrei leigt út okkar sali. Forsalurinn er leigður út fyrir brúðkaup, erfisdrykkjur og afmæli en þá langoftast til starfsfólks á þessum tíma sem ég nefndi.“

Reykjavíkurborg er eigandi Borgarleikhússins sjálfs, en Leikfélag Reykjavíkur er sjálfseignarstofnun og ber stjórn þess ábyrgð á rekstri leikfélagsins og leikhússins. Í gildi er rekstrarsamningur borgarinnar við Leikfélag Reykjavíkur en í þriggja ára samningi sem gildir til ársloka 2018 nemur heildarframlag til starfsemi og rekstrar Borgarleikhússins um 936 milljónum króna. Að auki fékk Borgarleikhúsið 21 milljón í tímabundið framlag á fjárlögum ársins í ár sem ætlað er að styrkja reksturinn.

mikael@frettabladid.is




ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
20-50%
AFSLÁTTUR
af öllum fatnaði í eftirtöldum verslunum
LAUGAVEGUR 91 REYKJAVÍK
FÁKAFEN 9 REYKJAVÍK
MIÐHRAUN 4 GARÐABÆ
HAFNARSTRÆTI 106 AKUREYRI
...og í verslun okkar
í Vestmannaeyjum
VIKTOR
Softshell jakki
Rétt verð
kr. 9.500
40%
kr. 5.700.-
BLANDA
Flíspeysa/barna
Rétt verð
kr. 5.990
50%
kr. 2.995.-
50%
kr. 12.450.-
NAOMI
3ja laga jakki
Rétt verð
kr. 24.900
ARNAR
Parkaúlpa
Rétt verð
kr. 28.900
25%
kr. 21.675.-
Útsalan stendur til
3. september
ICEWEAR
ICELAND
www.icewear.is

## RÉTTAÐ YFIR THOMASI MÖLLER OLSEN

# Spurnum sækjanda ósvarað



**Aðalmeðferð í sakamáli gegn grænlenskum sjómanni, sem grunaður er um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur, hófst í gær. Heyra mátti saumnál detta meðan ákærði gaf skýrslu. Framburður hans tók óvænta stefnu.**

Jóhann Óli Eiðsson
johannoli@frettabladid.is



**DÓMSMÁL** Thomas Möller Olsen hefur heimsótt landið árlega síðan 2011. Síðasta heimsókn hans er jafnframt sú afdrifaríkasta en hann liggur undir grun um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur í upphafi árs. Aðalmeðferð í máli héraðssaksóknara gegn honum hófst í gær.

Þinghaldsins hafði verið beðið með nokkurri eftirvæntingu enda fá, ef nokkur, íslensk sakamál vakið jafn mikla athygli undanfarin ár.



**Thomas Möller var þungt hugsi í réttarsalnum í gær**

Faðir og vinir Birnu sátu í dómsalnum ásamt fjölda blaða- og fréttamanna og lögreglumanna. Tveir slíkir sátu fyrir aftan ákærða og vörðu hann fyrir áreiti og myndatökum eftir því sem frekast var unnt.

Thomas gaf skýrslu á grænlensku. Hann sat svipbrigðalaus í sæti sínu. Lengst af starði hann á borðplötuna fyrir framan sig líkt og hann ætlaði sér að brenna gat á hana með augnaráðinu einu. Þögn sló á salinn í hvert sinn er hann mælti. Honum á vinstri hönd sat dómtúlkur sem þýddi frásögn hans á íslensku í passlegum skömmtum. Um leið og hún sleppti orðum ómaði lyklaborðsásláttur blaðamanna um salinn svo að erfitt gat verið að greina þýðinguna á orðum Grænlendingsins.

**Konan hvarf hjá Nikolaj**

„Ég stoppaði [fyrir utan stórt hvítt hús] til að pissa. Nikolaj ók á meðan í burtu því hann vildi fá smá prívat tíma með konunni,“ sagði Thomas meðal annars. Þegar Nikolaj kom aftur hafi hann verið mjög æstur. Hann neitaði því að hann hefði gert Birnu Brjánsdóttur mein. Ákærði svaraði þó ekki spurningum þess efnis hve lengi vinur hans hefði verið í burtu eða hvernig hefði verið umhorfs í bílnum eftir það.

„Í níu skýrslum hjá lögreglu var framburður þinn á annan veg í öllum skýrslum. Hver er skýringin á þessum breytta framburði?“ spurði Kolbrún Benediktsdóttir, saksóknari málsins, beinskeytt þegar frásögn Thomasar lauk. Ákærði hafði setið svo að segja hreyfingarlaus fram til þessa en hagræddi sér í stólnum og strauk um hár sitt þegar hér var komið sögu. Að sögn sakborningsins mátti misræmið rekja til ölvunarástands, einangrunarvistunar og harðræðis af hálfu lögreglunnar. Eftir að einangrun lauk og sálfræðimeðferð hófst hafi hann munað hlutina skýrar. Kolbrún benti þá á að í fyrstu skýrslutökunni hefði hann borið á þennan veg og þá hafi gæsluvarðhaldið ekki verið hafið.

Gegnt saksóknara sat verjandi Thomasar, Páll Rúnar M. Kristjánsson. Meðan ákæruvaldið beindi spjótum sínum að sakborningi hvíldi hægri vangi Páls á hægri





**Páll Rúnar M. Kristjánsson (t.v) hlustar íhugull á dómtúlk (t.h) þýða framburð umbjóðanda síns. Sá situr annar frá hægri og einbeitti sér að borðplötunni meðan hann muldraði í barm sér. Síðasti maðurinn á myndinni er Jón Óttar Ólafsson, fyrrverandi rannsóknarlögreglumaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR

hendi meðan hann mældi Thomas út með augunum. Sömu sögu er að segja af því þegar Páll hóf að spyrja ákærða. Thomas hefur staðfastlega lýst yfir sakleysi sínu alla tíð. Útlit er fyrir að málsvörnin muni byggjast á því að lögreglumenn hafi þvingað vitnisburð Thomasar á rannsóknarstigi og að þáttur Nikolajs Olsen hafi ekki verið kannaður til hlítar.

### Töluðu í kross

Vitnisburður Nikolajs var næstur á dagskrá en hann hafði um skeið stöðu sakbornings í málinu. Mál hans var á skjön við það sem fram hafði komið hjá Thomasi fyrr um morguninn. Spurningar saksóknara og verjanda, að skýrslugjöf hans lokinni, virtust koma honum nokkuð á óvart. Sagðist vitnið hafa sofið og neitaði því að hafa ekið rauðu KIA Rio bifreiðinni enda hefði hann aldrei tekið bílpróf. Þá hefði hann verið allt of hífaður til að geta ekið án þess að valda slysi. Minni hans var að öðru leyti nokkuð gloppótt sökum ölvunarástands.

Símaskýrslur voru teknar af fyrrverandi kærustu Nikolajs og systur hans og af nokkrum skipverjum á Polar Nanoq. Þá mættu í dóminn lögreglumenn sem komu að rannsókninni. Vísuðu þeir því alfarið á bug að sakborningur hefði verið beittur þrýstingi í skýrslutökum.

Aðalmeðferð verður fram haldið á morgun en stefnt er að því að þá verði teknar skýrslur af tuttugu manns.

**Lögreglan sagði að þeir ætluðu að sýna kærustunni minni myndir af líkinu svo hún sæi hvers konar skrímsli ég væri.**

Thomas Möller Olsen, sakborningur

**Strax í fyrstu skýrslutöku þá segirðu að eigin frumkvæði hvað gerðist og það er á allt annan hátt.**

Kolbrún Benediktsdóttir, saksóknari

**Varstu í yfirheyrslum að reyna að þóknast spyrjandanum eða gefa falskar minningar?**

Páll Rúnar M. Kristjánsson, verjandi

**Það var svolítið óljóst en það var eins og einhver hafi verið aftur í. Ég man það ekki glöggt, ég var rosalega fullur.**

Nikolaj Olsen, skipverji Polar Nanoq










## Gráa svæðið



**Kjartan Hreinn Njálsson**
kjartanh@frettabladid.is

Stundum er sagt að gests augað sé glöggt. Og þannig er það stundum að boða þarf til fjölskyldufundar eftir að matarboðinu lýkur og veislugestunum er skóflað út. Við Íslendingar fengum sjaldgæft tækifæri í síðustu viku til að boða til fjölskyldufundar eftir að fréttastofa ABC birti umfjöllun sína um Downs-heilkenni hér á landi, hvernig við skimum fyrir því og hvernig við tökumst á við erfiðar ákvarðanir í kjölfar greiningar.

Þó að bandarísku fréttamennirnir hafi gengið fram með fullyrðingar sem ekki áttu sér stað í raunveruleikanum, þá var grunnstefið rétt. Meðgöngurof á sér stað í langflestum tilfellum ef þrjú eintök af litningi númer 21 eru til staðar.

Með fyrirsjáanlegum hætti varð umræðan í Bandaríkjunum klofin. Hinir háværu andstæðingar fóstureyðinga áttu sviðið. Hið sama var uppi á teningnum hér heima fyrir. Við erum þó ögn kurteisari. Það virðist vera skrifað í skýin að umræða sem þessi þróist út í lítið annað en yfirlýsingar með eða á móti, þar sem foreldrum er ýmist hrósað fyrir að eignast barnið eða fordæmdir fyrir að gera það ekki. Við tölum jafnvel um harm þeirra sem eignast fötluð börn.

Það sem við glötum með því að leita í skotgrafirnar er raunverulegt tækifæri til að skilja af hverju sumir ákveða að taka þessa ákvörðun eftir fósturskimun. Það að segja að öll fóstur eigi rétt til lífs og að foreldrar sem taka þessa ákvörðun hugsi eingöngu um eigin velferð er aðeins til þess fallið að kaffæra umræðuna. Frekar eigum við að reyna að skilja ákvörðunina og þá þarf að varpa ljósi á það umhverfi sem ákvörðunin er tekin í.

Ítrekað hefur verið fjallað um það mótlæti sem fatlaðir mæta í samfélagi okkar. Má nefna aðgengismál, ferðaþjónustu fatlaðra, túlkaþjónustu og notendastýrða persónulega þjónustu (NPA) sem enn á eftir að lögfesta. Í síðustu viku greindi Fréttablaðið frá því að fötluðum ungmennum var boðið að mæta í hálftómt frístundaheimili. Forstöðumaðurinn fékk skömm í hattinn eftir að hafa auglýst eftir húsgögnum á Facebook. Það er úr þessu umhverfi – þessu viðhorfi okkar til málefna fatlaðra – sem frjáls ákvörðun foreldranna sprettur.

**Það að segja að öll fóstur eigi rétt til lífs og að foreldrar sem taka þessa ákvörðun hugsi eingöngu um eigin velferð er aðeins til þess fallið að kaffæra umræðuna.**

Í skotgröfunum fróum við aðeins okkar eigin réttlætiskennd í stað þess að reyna að skilja nágranna okkar. Foreldrar sem þurfa að taka þessa ákvörðun eiga betra skilið og það eiga fatlaðir einstaklingar einnig.

Fóstureyðingar eru og verða hluti af samfélagsgerð okkar. Þær hafa verið það í rúm 80 ár eða síðan Ísland varð fyrsta landið í Vestur-Evrópu til að leyfa þær með formlegum hætti. Sjálfsákvörðunarréttur kvenna til fóstureyðinga var síðan stór hluti af kvennabaráttunni seint á síðustu öld. Fósturskimun og fósturgreining veita foreldrum síðan enn meira frelsi til að geta tekið rétta ákvörðun. Til þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir verðum við hins vegar að beina sjónum okkar að gráa svæðinu á milli upphrópananna.




### Halldór




## Frá degi til dags

**Stóra sjómannsmálið**
Hjörleifur Guttormsson skrifaði litríkan pistil sem birtist í Morgunblaði gærdagsins. Gerði ráðherrann fyrrverandi stóra sjómannsmálið að umfjöllunarefni en um það hefur verið fjallað að Hjörleifur bar ábyrgð á því að málað var yfir flennistóra mynd af sjómanni sem prýddi vegg Sjávarútvegshússins.

Hjörleifur skrifaði umfjöllunina á gúrkutíð. Sagði hann að hægt væri að loka fréttastofum ef það væri ekki fyrir kjólasýningar í þingsölum, vaxandi ferðamannastraum og nokkuð sem hann kallaði óviðeigandi kynhegðun á útihátíðum.

Auðvitað var þessi síðasti punktur ekki þungamiðja pistils Hjörleifs en pistlahöfundi þykir ekki boðlegt að kalla nauðganir „óviðeigandi kynhegðun“.

**Og enn af sjómanninum**
Hjörleifur fjallaði ekki bara um gúrkutíð í pistli sínum heldur sagði hann alvarlega bresti í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og sakaði Fréttablaðið um rógsherferð í sinn garð.

Gagnrýndi Hjörleifur harðlega að Reykjavíkurborg hafi sent RÚV afrit af tölvupóstum þar sem hann kvartaði yfir sjómanninum.

Það virðist æ auðveldara að kenna fjölmiðlum um allt sem slæmt er. Staðreyndin er þó sú að Hjörleifur vildi láta kasta sjómanninum fyrir borð.

thorgnyr@frettabladid.is

## Hlutverk kennara



**Logi Már Einarsson**
formaður Samfylkingarinnar

Nýlega sagði formaður mennta- og allsherjarnefndar Alþingis að ein leið til að sporna við kennaraskorti væri aukin einkavæðing og frammistöðutenging launa kennara. Það er sjálfsagt auðvelt að árangurstengja laun verðbréfasala. Og æskilegt að umbuna góðum kennara fyrir vel unnin störf. En þegar greiða á bónus fyrir barnakennslu flækjast málin. Á að umbuna þeim kennara sem fær nemanda, vel nestaðan hæfileikum, úr góðum aðstæðum og stendur sig vel á vorprófi, betur en öðrum sem kennir þeim með erfiðari bakgrunn, sem nær miklum framförum, þótt hann fái ekki jafn háar einkunnir og sá fyrr nefndi?

Við eigum að hafna menntakerfi sem gefur einstökum skólum færi á að sín valda nemendur og rukka jafnvel aukagjöld af þeim sem ráða við þau. Slíkt leiðir til slæmrar aðgreiningar. Við þurfum að reka sterka opinbera skóla sem tryggja öllum nemendum jafnt aðgengi að góðri menntun í umhverfi sem endurspeglar fjölbreytni samfélagsins. Í því felst líka dýrmætt uppeldi og menntun. Það þarf að nálgast hvern einstakling á forsendum styrkleika hans og búa hann undir flókið líf fullorðinsáranna.

**Við eigum að hafna menntakerfi sem gefur einstökum skólum færi á að lokka til sín valda nemendur og rukka jafnvel aukagjöld af þeim sem ráða við þau.**

Markmið skóla er heldur ekki eingöngu að nemandi leysi námsefni sitt óaðfinnanlega. Hlutverk hans er að gera hverjum og einum kleift að þróa sem best hæfileika sína og þroska með honum eiginleika svo sem víðsýni, umburðarlyndi, samkennd og aðra lyndisþætti sem gera hann að nýtum og farsælum borgara. Eiginleikar sem sumir verða seint og illa mældir en stuðla að betra og friðsælla samfélagi.

Menntun mun leika lykilhlutverk í þeim gríðarlegu breytingum sem samfélagið stendur frammi fyrir m.a. vegna yfirstandandi tæknibyltingar. Svarið við þeim er alls ekki að veikja opinbera skólakerfið, heldur að styrkja það og fjármagna mun betur.

Tryggjum kennurum sanngjörn laun, bætum vinnuaðstöðu þeirra og lögum aðbúnað skóla, þannig að þeir geti sem best sinnt mikilvægu hlutverki sínu í þágu okkar allra.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Að slátra mjólkurkúnni



**Guðrún Sigurjónsdóttir**
bóndi á Glitstöðum í Norðurárdal

Það er með ólíkindum að lesa og heyra af því hvernig menn telja sjókvíaeldi einkamál þeirra sem hafa atvinnu af því. Við veiðiréttareigendur sem höfum bent á leiðir til að stunda laxeldi betur en nú er gert þykjum óskaplega afskiptasöm. Kannski ekki að ástæðulausu. Við vitum hvaða afleiðingar það getur haft fyrir lífsviðurværi okkar ef hrun verður í villta laxastofninum en tekjur af starfsemi veiðifélaga skipta sköpum fyrir margar fjölskyldur í sveitum landsins.

Allt hjálpast þetta að, þó hrun verði í einni starfsemi hjá okkur þá bætir annað það upp því eggin eru ekki öll í sömu körfunni. Hér á bæ hafa veiðileigutekjur oftsinnis bjargað miklu þegar illa hefur gengið annaðhvort í mjólkurframleiðslunni til dæmis þegar kvótinn var settur á eða þegar samdráttur er í lambakjötinu.

> **Það er hreinasta hörmung að upplifa það aftur og aftur að engin virðing sé borin fyrir náttúrulegu lífríki.**

Jörðin komst í eigu afa og ömmu árið 1927, ári eftir að Veiðifélag Norðurár var stofnað en það var einmitt stofnað því veiðiréttareigendur sáu að þannig væri hagsmunum þeirra og árinnar best borgið, til heilla og framfara. Að þurfa að sjá á eftir veiðileigutekjum er svolítið eins og þurfa að slátra bestu mjólkurkúnni. Það gerir maður ekki ótilneyddur.

Fiskeldi er komið til að vera. Stór hluti daglegrar fisksneyslu er eldisfiskur. Það eru til þekktar leiðir til að vanda sig í fiskeldi til dæmis með því að stunda það á landi. Ekki er hægt að segja að hér á Íslandi hafi verið staðið almennilega að því að móta þessa nýju atvinnugrein. Það þarf að móta rekstrarumhverfið áður en farið er af stað svo allir sem vilja starfa í greininni viti að hverju þeir ganga.

Í umfjöllun um sjókvíaeldið hefur margoft verið bent á hættuna sem steðjar að lífríkinu vegna þess og hvers lags ógn sjókvíaeldið er við náttúrulega laxastofninn. Hvaða tryggingar eru settar fram fyrir þeim skaða sem við, sem höfum tekjur af villta laxinum, gætum orðið fyrir? Hann gæti orðið verulegur. Skaðinn lendir á veiðifélögunum. Hver er tilbúinn að ábyrgjast tjónið? Það er hreinasta hörmung að upplifa það aftur og aftur að engin virðing sé borin fyrir náttúrulegu lífríki. Skammtímahagsmunir þeirra sem vilja græða aðeins meiri pening vega þyngra.

# Hestvagnahagfræði



**Guðmundur Ólafsson**
hagfræðingur

Enn er þrefað um augljósa hluti. Sumir telja ekki gott að taka upp annan gjaldmiðil því svonefndar hagsveiflur séu ekki eins á Íslandi og annars staðar. Fyrir 50 til 60 árum gat þetta skipt máli þar sem marga mánuði tók að koma fé milli landa, sérstaklega miklu fé. Áður fyrr þurfti hesta og hestvagna til að framkvæma miklar greiðslur milli landa, þeir sem mótast af þessari hugmynd eru fylgjendur svonefndrar hestvagnahagfræði. Nú tekur það einungis sekúndubrot að senda hundruð milljarða dollara milli landa, ef sími og net eru í lagi. Til dæmis allan gjaldeyrisforða landsmanna. Þetta þekkja þeir vel sem þurft hafa að senda háar fjárhæðir til annarra landa, í erlendri mynt.

Lars Christensen skrifar í ágætri grein: „Það er ekki til neitt sem heitir „hagsveifla““, en sveiflur eru þó í efnahagslífi, oftast af náttúrulegum orsökum en yfirleitt ekki efnahagslegum. Óstjórn ráðamanna er þá væntanlega talin náttúruleg en ekki efnahagslögmál.

Costco hefur breytt ýmsu, boðið upp á betri vörur en við eigum að venjast, oft ódýrari. Þar er skýrt dæmi um æskileg áhrif að vestan. Einn af kostunum við að taka upp Bandaríkjadal er hve auðvelt það er, þyrfti ekki að taka meira en nokkra daga á meðan skilyrði fyrir evru eru þannig að það tæki mörg ár að koma henni á koppinn.

Ekki þarf að ræða frekar skaðsemi íslensku krónunnar, sem jafnast á við að aka bíl með bundið fyrir augun og þeir einir hagnast sem hafa tekjur í gjaldeyri en útgjöld í krónum. Það sem meira er, gjafakvótagreifar og ferðaokrarar munu hagnast þegar til lengdar lætur ef við höfum stöðugan alþjóðlegan gjaldmiðil.

# Hvað má nú til bjargar verða?



**Jakob S. Jónsson**
félagi í Neytendasamtökunum

Það var fróðlegt að sitja félagsfund Neytendasamtakanna fimmtudaginn 17. ágúst sl., þar sem kynnt var fjárhagsstaða samtakanna sem verið hefur til umræðu í fjölmiðlum og valdið titringi innan stjórnar. Á sínum tíma var þáverandi formaður borinn þungum sökum um eyðslu og óráðsíu á bak við stjórnarmenn; það endaði sem kunnugt er með því að hann sjálfur hjó á hnútinn og sagði af sér.

Þegar skoðuð er bág fjárhagsstaða samtakanna, eins og frá henni var greint á fundinum, virðist einsýnt að þáverandi formaður á hreint enga sök á henni. Helst mátti skilja, að hann hefði með appinu Neytandinn reynt að blása nýju lífi í samtökin; en stjórn reyndist þar ósammála og Neytandinn heyrir nú sögunni til. Þá var nokkuð gert úr ýmsum fjárhagslegum voða, en eins og „starfandi varaformaður“ greindi frá, var ekki útséð um hvert stefndi – en stjórn virtist engu að síður einblína á verstu hugsanlegu ófarir og miðaði varnarstarf sitt við það. Sagði m.a. upp öllu starfsfólki samtakanna, en svo virðist eins og þær uppsagnir séu með öllu ólögmætar! Illt er, ef rétt reynist og skammgóður vermir velþenkjandi stjórn ef hún situr uppi með persónulega ábyrgð af þeim gjörningi.

Þá er ljóst eftir fundinn að stjórnin sjálf hafði ekkert – nákvæmlega ekkert! – fram að færa sem mætti verða til bjargar samtökunum. Það er helst að „vonast sé til“ og „í besta falli“, en ekkert áþreifanlegt, engin aðgerð, ekkert átak annað en að treysta á stuðning stjórnvalda – en hvernig má búast við að stjórnvöld bjargi samtökum sem hafa kippt grundvellinum undan þjónustusamningum við hið sama stjórnvald með því að segja upp öllu starfsfólki?

Vandi samtakanna virðist einkum felast í að stjórnarmenn þekkja illa hvernig kaup gerast á eyrinni í félagsstörfum. Eins og skipurit Neytendasamtakanna lítur út er það í besta falli kjánalegt að stjórn lýsi vantrausti á formann; það getur eingöngu þing samtakanna gert. Þá er í hæsta máta óeðlilegt að varaformaður samtakanna virðist ófær um að axla ábyrgð; hann kallar sig „starfandi varaformann“ og samtökin eru því í raun formannslaus. Það er fáheyrt ábyrgðarleysi af stjórn að leysa ekki slíkan vanda og bendir til vanhæfis í félagsstörfum og vandræðagangs sem er misbjóðandi jafn mikilvægum samtökum og Neytendasamtökin eru.

Fundarmenn virtust helst á því að boða ætti til aukaþings samtakanna; þar væri hægt að stokka spilin upp á nýtt, kjósa nýja stjórn og formann og horfa fram á veginn. Það verður þó ekki horft fram á veginn nema til komi áætlun um aðgerðir, starfsáætlun, sem taki mið af því að Neytendasamtökin eru til þess að standa vörð um hagsmuni neytenda.

Kannski væri besta og einfaldasta lausnin sú að fyrrum formaður tæki afsögn sína aftur og að stjórnarmenn með tölu kyngdu því glundri sem verið hefur, legðu að baki fyrri væringar og tækju höndum saman – í þágu neytenda og sjálfum sér til gæfu!




# Byrjun Sverris vonum framar

**Sverrir Ingi Ingason er lykilmaður í sterkustu vörn rússnesku úrvalsdeildarinnar. Hann kann vel við sig hjá Rostov sem hefur byrjað tímabilið af krafti. Sverrir er rólegur yfir stöðu sinni í íslenska landsliðinu.**



**Sverrir Ingi Ingason hefur farið afar vel af stað með Rostov í rússnesku úrvalsdeildinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**FÓTBOLTI** Það er ekki hægt að biðja um öllu betri byrjun en Sverrir Ingi Ingason hefur átt hjá rússneska úrvalsdeildarliðinu FK Rostov. Sverrir, sem gekk í raðir Rostov frá Granada fyrr í sumar, hefur leikið sex deildarleiki með Rostov, fjórir þeirra hafa unnist og tveir endað með jafntefli. Eini tapleikur Rostov kom þegar Sverrir var fjarri góðu gamni.

„Þetta hefur byrjað vonum framar. Það var smá bras í fyrsta leik, ég nefbrotnaði og missti af leiknum eftir það. En ég hef spilað alla leiki eftir það og gengið hefur verið gott,“ sagði Sverrir í samtali við Fréttablaðið í gær.

Rostov er í 3. sæti rússnesku deildarinnar eftir sjö umferðir. Árangur liðsins byggist fyrst og fremst á góðum varnarleik. Rostov hefur aðeins fengið þrjú mörk á sig og haldið fjórum sinnum hreinu. Ekkert lið hefur fengið á sig færri mörk á tímabilinu en Rostov sem hefur þó aðeins skorað átta mörk, þar af komu fjögur í einum og sama leiknum.

„Við höfum verið þéttir til baka og það er erfitt að skora hjá okkur. Það er mjög jákvætt,“ sagði Sverrir sem hefur verið í atvinnumennsku síðan 2014. Hann var eitt tímabil með Viking í Noregi, tvö ár hjá Lokeren í Belgíu og seinni hluta síðasta tímabils lék hann með Granada í spænsku úrvalsdeildinni. En hvernig er rússneska deildin samanborið við hinar deildirnar sem Sverrir hefur spilað í?

„Hún er ekki neitt voðalega frábrugðin belgísku deildinni. Þetta er líkamleg og taktísk deild. Það er mikið af góðum liðum hérna en svo eru önnur sem eru nokkuð langt á eftir. Þannig að það er smá bil á milli bestu liðanna og hinna,“ sagði Sverrir.

Rostov er sem áður sagði í 3. sæti deildarinnar. Rússland fær eitt aukasæti í Meistaradeild Evrópu á næsta tímabili og því er til mikils að vinna að lenda í einu af þremur efstu sætum rússnesku deildarinnar í ár.

„Það væri gaman að geta blandað sér í baráttuna um Evrópusæti. Það verður erfitt að ná einu af þremur efstu sætunum en við getum vonandi gert eins vel og við getum,“ sagði Sverrir sem er búinn að koma sér vel fyrir í hafnarborginni Rostov við Don.

„Þetta hefur verið mjög gott hingað til. Það er voðalega auðvelt að koma inn í svona aðstæður. Það snýst allt um fótbolta hérna. Ef það gengur vel innan vallar er lífið auðvelt utan vallar. Borgin er fín og ég hef komið mér vel fyrir,“ sagði Sverrir.

> Eins og ég hef margoft sagt er ég mjög rólegur yfir minni stöðu í landsliðinu. Ég er enn þá ungur og veit að mitt tækifæri mun koma.
>
> Sverrir Ingi Ingason

Þrátt fyrir að Sverrir hafi spilað vel með sínum félagsliðum á undanförnum árum hefur hann ekki enn náð að brjóta sér leið inn í byrjunarlið íslenska landsliðsins. En eins og Jóhanna Sigurðardóttir veit þá hans tími mun koma.

„Eins og ég hef margoft sagt er ég mjög rólegur yfir minni stöðu í landsliðinu. Ég er enn þá ungur og veit að mitt tækifæri mun koma. Það er gott að það sé samkeppni í liðinu og hún bætir alla,“ sagði Sverrir.

Rostov fær afar krefjandi verkefni í næstu umferð þegar Sverrir og félagar fara til Pétursborgar og mæta toppliði Zenit.

„Það er stórleikur og gaman að takast á við þá. Zenit er að ég held með sterkasta leikmannahópinn í ár og mjög færan þjálfara í Roberto Mancini. Þetta eru leikirnir sem þú vilt spila sem fótboltamaður, þessir stóru leikir,“ sagði Sverrir að lokum.

**ingvithor@365.is**

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

**Man. City - Everton 1-1**
0-1 Wayne Rooney (35.), 1-1 Raheem Sterling (82.).

**Pepsi-deild karla**

**Valur - Grindavík 2-0**
1-0 Einar Karl Ingvarsson (22.), 2-0 Einar Karl Ingvarsson (80.).

**Stjarnan - Fjölnir 4-0**
1-0 Hilmar Árni Halldórsson, víti (15.), 2-0 Ólafur Karl Finsen (36.), 3-0 Jóhann Laxdal (73.), 4-0 Guðjón Baldvinsson (76.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 16 | 10 | 4 | 2 | 28 - 12 | 34 |
| Stjarnan | 16 | 8 | 5 | 3 | 36 - 18 | 29 |
| FH | 14 | 6 | 6 | 2 | 23 - 16 | 24 |
| Grindavík | 16 | 7 | 3 | 6 | 21 - 28 | 24 |
| KR | 15 | 6 | 4 | 5 | 23 - 20 | 22 |
| Víkingur R. | 16 | 6 | 4 | 6 | 21 - 22 | 22 |
| KA | 16 | 5 | 6 | 5 | 29 - 24 | 21 |
| Breiðablik | 16 | 6 | 3 | 7 | 24 - 25 | 21 |
| Víkingur Ó. | 16 | 6 | 1 | 9 | 18 - 28 | 19 |
| Fjölnir | 15 | 4 | 4 | 7 | 17 - 24 | 16 |
| ÍBV | 16 | 4 | 4 | 8 | 19 - 29 | 16 |
| ÍA | 16 | 2 | 4 | 10 | 22 - 35 | 10 |

### GUNNLAUGUR HÆTTUR MEÐ ÍA

Knattspyrnudeild ÍA greindi frá því í gærkvöld að Gunnlaugur Jónsson væri hættur sem þjálfari liðsins. Gunnlaugur óskaði eftir því sjálfur að fá að stíga til hliðar. Hann ræddi þá hugmynd eftir tapið fyrir ÍBV. Aðstoðarmaður Gunnlaugs, Jón Þór Hauksson, mun stýra liði ÍA út leiktíðina.



ÍA er í botnsæti Pepsi-deildarinnar eftir 16 umferðir með aðeins 10 stig. Sex stig eru í liðin þar fyrir ofan en það eru ÍBV og Fjölnir. Gunnlaugur var á sínu fjórða ári með Skagaliðið.

## Í dag

**17.50 FH - ÍBV** Sport 2
**18.40 Nice - Napoli** Sport
**18.40 Sheff. Utd - Leicester** Sport 3
**20.45 Meistaramörkin** Sport

**Pepsi-deild kvenna**
**18.00 FH - ÍBV**
**18.00 Þór/KA - KR**

Nilfisk




Nilfisk er nauðsyn á heimilið

30% AFSLÁTTUR TIL 31. ÁGÚST

Nilfisk ryksugur og háþrýstidælur eru öflugir liðsfélagar sem tryggja þér og þínum góðan árangur í þrifum í og við heimilið. Nilfisk heimilisvélar eru á 30% afslætti til 31. ágúst. Það ættu allir að eiga Nilfisk.

**Rekstrarland er opið alla virka daga kl. 9-18.**

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

PIPAR\TBWA • SÍA • 172874

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

# Fólk

ÞRIÐJUDAGUR 22. ÁGÚST 2017

## Heilsa



**Ísabella Leifsdóttir, söng- og listakona og framleiðandi, sinnir heilsunni á heildstæðan hátt. Henni finnst lykilatriði að vera í góðu andlegu og líkamlegu jafnvægi áður en hún stígur á svið.**

heilsa ➜4






„Foreldrar mínir segja að strax á unga aldri hafi ég byrjað daginn á að kveikja á útvarpinu og dansað í takt við tónlistina," segir Anna. MYND/EYÞÓR

# Dansað af gleði

Anna Claessen hefur dansað í gegnum lífið og kennt jazzballett, brúðarvals og zumba. Hún mun kynna sjóðheitt jallabina fyrir Frónbúum í vetur. ➜2

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Anna Claessen hefur farið dansandi í gegnum lífið en hún var aðeins fjögurra ára þegar hún fór í dansskóla. „Foreldrar mínir segja að strax á unga aldri hafi ég byrjað daginn á að kveikja á útvarpinu og dansað í takt við tónlistina. Ég æfði samkvæmisdansa í tíu ár og þaðan lá svo leiðin í jazzballett. Mér gekk mjög vel og stefndi að því að verða atvinnudansari. Ég fór í Versló og stundaði jafnframt nám við Listdansskólann en það var of mikið fyrir líkama og sál svo ég hætti dansnáminu en hóf að kenna dans í staðinn,“ rifjar Anna upp. Fyrstu nemendur hennar voru í dansdeild ÍR sem var stofnuð á þessum tíma. „Það var yndislegt og mikill lærdómur að kenna yngstu kynslóðinni.“

## Brúðarvals og zumba

Leið Önnu lá síðan til Vínarborgar þar sem hún lauk BA-gráðu í fjölmiðlafræði og svo til Los Angeles en þar nam hún söng. Dansinn var þó aldrei langt undan. „Í Vín kenndi ég brúðarvals og jazzballett. Eftir að ég kynntist zumba féll ég algjörlega fyrir því og hef kennt það hér heima, m.a. hjá Nordica Spa og Veggsporti og í LA Fitness í miðborg Los Angeles, Hollywood og Beverly Hills. Það var mikið ævintýri,“ segir Anna brosandi.

## Heim frá LA

Fyrir tveimur árum flutti Anna heim frá LA og hefur síðan þá haft í nógu að snúast. Hún mun hefja nám í markþjálfun við HR núna í haust, auk þess að kenna zumba hjá World Class. Hún hefur rekið vefsíðuna godandaginn.is og stofnaði nýlega vefsíðuna dansogkultur.is í samstarfi við Friðrik Agna Friðriksson, vin sinn, en þar deila þau upplýsingum um dansviðburði og annað sem tengist dansi á Íslandi. „Við förum í alls konar danstíma út um allan bæ og það er ótrúlega gaman. Á síðunni okkar getur fólk séð hvar hægt er að dansa salsa, argentínskan tangó, lindy hop, kizomba, bachata og fleira. Í gegnum dansogkultur.is hef ég kynnst dansmenningunni hérna heima betur og það er ótrúlega mikið í gangi,“ upplýsir hún.

En hver er helsti kosturinn við að dansa? „Dans er góður bæði fyrir líkama og sál og er ein besta vítamínsprauta sem hægt er að fá því hann gefur manni svo mikla gleði. Dans hefur líka góð áhrif á streitu og eykur líkamlegan styrk og liðleika. Aðalmálið í dansi er að hafa gaman. Þótt maður kunni ekkert í fyrstu tímunum er það allt í lagi. Aðalmálið er að brosa og hreyfa sig og sporin lærast smám saman. Með tímanum mun svo líkaminn fara að dansa með taktinum. Svo er mikill félagsskapur í kringum dansinn og ég hef t.d. kynnst mörgum af mínum bestu vinum í gegnum dans. Stundum hef ég reynt að finna mér eitthvað annað að gera en dansinn togar svo sterkt í mig að ég enda alltaf með að kenna eða dansa. Ætli ég verði ekki í þessu fram á síðasta dag, enda er lífið dans,“ segir Anna hlæjandi.



„Í gegnum dansogkultur.is hef ég kynnst dansmenningunni hérna heima betur og það er ótrúlega mikið í gangi.“ MYND/EYÞÓR

> „Dans er góður bæði fyrir líkama og sál og er ein besta vítamínsprauta sem hægt er að fá því hann gefur manni svo mikla gleði. Dans hefur líka góð áhrif á streitu og eykur líkamlegan styrk og liðleika. Aðalmálið í dansi er að hafa gaman.

## Miðausturlenskt dansfitness

Í vetur munu þau Anna og Friðrik Agni kenna splunkunýtt miðausturlenskt dansfitness í World Class sem kallast jallabina og hefur vakið mikla athygli á Norðurlöndunum og allt austur til Dubai. Höfundar jallabina eru sænskar mæðgur, Amina og Lena, sem vildu kynna dansa frá Miðausturlöndum fyrir Evrópubúum. „Ég heillaðist strax af jallabina svo ég fór til Svíþjóðar með Friðriki Agna og við nældum okkur í réttindi. Í jallabina mætast arabískir þjóðdansar og tónlist í samhæfðum styrktaræfingum á nútímalegan hátt. Það er ekkert mál að koma í tíma án þess að hafa dansað áður en jallabina er þannig upp byggt að það er dansað stanslaust í hálftíma, þá er tekin stutt pása og svo er haldið áfram. Tíminn líður ótrúlega hratt og fólk gleymir sér alveg í dansinum,“ segir Anna sem sér fram á skemmtilegan dansvetur.



„Ég fór í Versló og stundaði jafnframt nám við Listdansskólann en það var of mikið fyrir líkama og sál svo ég hætti dansnáminu en hóf að kenna dans í staðinn,“ segir Anna. MYND/EYÞÓR

VERÐHRUN
á útsölunni
Einungis 5 verð:
900 kr.
1.900 kr.
2.900 kr.
3.900 kr.
4.900 kr.
Gerið góð kaup á flottri vöru á frábæru verði.
Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-15
black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Allir þurfa að taka D-vítamín

**Þeir sem fylgja ekki ráðleggingum varðandi inntöku á D-vítamíni eiga á hættu að lenda í skorti, þrátt fyrir fjölbreytt og gott mataræði. Nægilegt D-vítamín er lykillinn að sterkum beinum.**

Það verður seint talað of mikið um nauðsyn þess að taka inn D-vítamín. „Sólarvítamínið, eins og það er oft kallað, gegnir gríðarlega víðtæku hlutverki í líkamsstarfseminni og hafa fjölmargar rannsóknir gefið vísbendingar um hversu alvarlegar afleiðingar D-vítamínskortur hefur í för með sér. D-vítamín er nauðsynlegt fyrir heilbrigt taugakerfi, heila, hjarta og æðakerfi. Það er líka nauðsynlegt fyrir húðina, beinin, sjónina og heyrnina svo nokkuð sé nefnt og það ver okkur gegn alvarlegum sjúkdómum,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

Hún segir mikla vakningu hafa orðið á sl. árum eða áratug hvað varðar neyslu á D-vítamíni og að sífellt fleiri rannsóknir bendi til þess að hægt sé að stórbæta heilsuna með því að taka inn meira af því í formi bætiefna en sem nemur opinberum ráðleggingum. „Helsta ástæðan er líklega sú að allt of margir eru í skorti eða við skortsmörk á meðan ráðlagðir dagsskammtar miðast við að viðhalda gildunum en ekki að hækka þau,“ útskýrir Hrönn.



Hrönn hvetur fólk til að passa vel upp á börnin í vetur og hafa ávallt D-vítamín á morgunverðarborðinu.

## Börn með beinkröm á Íslandi

D-vítamín er mikilvægt fyrir nýtingu kalks í líkamanum og þeim sem fá ekki nóg af því er hættara en öðrum við að fá beinþynningu, vöðvarnir verða veikari og líkur á beinbrotum aukast. „Rannsóknir sýna að með inntöku á D-vítamíni eykst upptaka kalks úr blóðinu mjög mikið eða allt að 65%. Hjá börnum kemur algjör D-vítamínskortur fram sem beinkröm en þá bogna bein í fótleggjum og rifbein svigna. Þessi sjúkdómur er enn til staðar víða í heiminum og því miður greinast enn þá börn hér á landi með beinkröm. Skortur D-vítamíns í fullorðnum getur valdið beinþynningu, beinmeyru, vöðvarýrnun og tannskemmdum,“ segir Hrönn

## 100 mismunandi sjúkdómseinkenni

Rannsóknir gefa að sögn Hrannar sterkt til kynna að D-vítamín sé í raun grundvallarefni til að viðhalda heilsu og fyrirbyggja sjúkdóma en vitað er um a.m.k. 100 mismunandi sjúkdómseinkenni eða sjúkdóma sem tengjast D-vítamínskorti. „Þunglyndi getur verið



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

vísbending um D-vítamínskort sem og bein- og/eða vöðvaverkir og höfuðsviti. D-vítamín er talið leika lykilhlutverk gegn bólgum í líkamanum og skortur getur átt þátt í því að ónæmiskerfið virkar ekki sem skyldi,“ segir Hrönn.

## Börn á Íslandi í skorti

Rannsókn á D-vítamíninntöku í fæði ungra íslenskra barna sem gerð var árið 2005 sýndi að við 12 mánaða aldur tóku aðeins um 50% barnanna inn D-vítamíngjafa þrátt fyrir að í ungbarnavernd sé öllum ráðlagt að gefa börnum sínum AD-dropa eða lýsi. Í Landskönnun á mataræði 6 ára barna frá 2011–2012 kom fram að einungis fjórðungur barnanna fékk ráðlagðan dagskammt eða meira af D-vítamíni og var D-vítamín neysla fjórðungs barna undir lágmarksþörf (2,5 µg/dag).

## Hvar fáum við D-vítamín

Sólin er helsta og besta uppspretta D-vítamíns en það verður til í líkama okkar vegna áhrifa UVB-geisla sólarinnar á húðina. „Við fáum takmarkað magn úr fæðunni og því miður dugir ekki fullkomið mataræði til að hlaða okkur D-vítamíni né til að viðhalda forðanum því aðeins um 10% af D-vítamíni koma þaðan og er feitur fiskur þar helsta uppsprettan. Sumar vörur eru D-vítamínbættar eins og t.d. mjólk og geta þær hjálpað til en engu að síður hvetur Landlæknisembættið fólk til þess að taka D-vítamín sérstaklega í formi bætiefna og er þorskalýsi þar á meðal (ekki hákarlalýsi),“ upplýsir Hrönn.

## Ráðlagðir dagskammtar mismunandi

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi benda til þess að enn þá séu allt of margir undir viðmiðunarmörkum. Töluverður munur er að sögn Hrannar á því magni sem Embætti landlæknis ráðleggur miðað við t.d. ráðleggingar ýmissa erlendra sérfræðinga, D-vítamínsráðsins (Vitamin D-council) og fleiri. „Landlæknisembættið er mikiu hófsamara í sínum ráðleggingum en miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir hérlendis er ljóst að við þurfum að taka okkur verulega á. Bæði þurfum við að taka meira inn og það þurfa fleiri að gera það til að halda heilsu. Fjöldi sérfræðinga vill meina að þær viðmiðunartölur, sem notast er við hér á landi (og víðar), séu einfaldlega of lágar. Ef svo er, þýðir það að í raun þurfum við að taka meira en sem nemur ráðlögðum dagskammti,“ segir Hrönn.

Að sögn Hrannar er horft til þyngdar þegar kemur að inntöku á D-vítamíni og því þurfa börn minni skammt en fullorðnir. „Þar sem D-vítamín er fituuppleysanlegt efni getur líkamsfita safnað því saman og þess vegna þurfa þeir sem eru yfir kjörþyngd meira D-vítamín en þeir sem grennri eru.“

## D-vítamínmunnúði tryggir hámarksupptöku

Munnspreyin frá Better You hafa að sögn Hrannar svo sannarlega slegið í gegn en svissnesk rannsókn sýndi að D-vítamín sem úðað er út í kinn fer mun hraðar út í líkamann heldur en venjulegar töflur af sama styrkleika. „Eins varð upptakan betri og þá sérstaklega hjá þeim sem voru ekki með nógu há gildi þegar rannsóknin var gerð. Önnur rannsókn sem gerð var við Háskólann í Aþenu leiddi í ljós að upptaka gegnum slímhúð í munni var miklu meiri en upptaka gegnum meltingarkerfið.“

Að sögn Hrannar verða meltingarfærasjúkdómar sífellt algengari og getur meltingin verið undir álagi vegna ýmiss konar veikinda. „Með því að úða D-lúx út í kinn förum við fram hjá meltingarkerfinu og tryggjum hraða og mikla upptöku.“

## Munnúðar frá Better You fyrir alla aldurshópa

Bragðgóðu munnúðarnir frá Better You njóta að sögn Hrannar mikilla vinsælda og er nú hægt að fá þá fyrir alla aldurshópa. Einnig er komin sérstök blanda fyrir ófrískar konur sem inniheldur önnur nauðsynleg bætiefni á meðgöngu eins og fólinsýru, K-vítamín, B1, B6 og B12. „Við mælum þó með því að tekinn sé inn aukaskammtur af D-vítamíni og henta þá D-lúx 1000 eða 3000 mjög vel.“

D-Lúx hentar grænmetisætum og sykursjúkum, sem og þeim sem eru á glútenlausu fæði.


Upptaka í gegnum slímhúð í munni tryggir hámarksupptöku!




- Spreyjað undir tungu
- Engar töflur til að kyngja
- Einfalt og bragðgott

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

# Hleypir sjarmanum lausum

Ísabella Leifsdóttir, söng- og listakona og framleiðandi, sinnir heilsunni á heildstæðan hátt. Henni finnst lykilatriði að vera í góðu andlegu, líkamlegu og tilfinningalegu jafnvægi áður en hún stígur á svið.



Ísabellu Leifsdóttur, söng- og listakonu, finnst mikilvægt að vera í andlegu, líkamlegu og tilfinningalegu jafnvægi.



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is

Fyrst og fremst hugsa ég um mataræðið og reyni að forðast mikið unninn mat og koffín og borða engan sykur," segir Ísabella. „Ég reyni líka að rækta hugann, nota jógaæfingar þegar ég hita upp röddina og einnig núvitund og alls konar hugleiðsluæfingar. Svo finnst mér líka æðislegt að fara á tónleika og myndlistarsýningar og hugsa ekki um neitt annað en listina. Það er góð hugleiðsla og ég kem út sem ný kona."

Hún segist reyna að ganga sem mest. „Og svo er ég dugleg að fara á róló og hlaupa á eftir þriggja ára stráknum mínum sem er ágætis líkamsrækt." Hún er nýbyrjuð í einkaþjálfun til að byggja sig upp líkamlega og komast í gott form. „Það er gott að byggja upp vöðvana með lyftingum en halda í liðleikann, sem ég geri með jóganu og dansi."

Ísabella byrjaði síðasta vetur í burlesque dansi í Kramhúsinu þar sem hún dansar í góðum hópi einu sinni í viku. „Það losar bara um allt. Líkamann, tilfinningarnar og kynþokkann. Það skiptir máli að vera sjarmerandi á sviði og í svona dansi hleypir kona sjarmanum út og æfir sig í honum svo það verði styttra í hann og auðveldara að kveikja á honum. Og svo er andrúmsloftið í Kramhúsinu svo dásamlegt, opið og þú þarft ekki að vera eitthvað ákveðið, í formi eða útliti til að geta verið með. Mér líður alltaf eins og ég eigi heima þar."

Ísabella er með mörg járn í eldinum. „Ég er að framleiða óperu sem heitir Bergmálsklefinn fyrir Alþýðuóperuna en við fengum styrk frá Rannís fyrir þá vinnu og verður óperan sett upp á næsta ári. Svo var ég að setja upp myndlistarsýningu á Selfossi sem heitir Endurspeglun og er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Allt efnið er dót, aðallega plastleikföng og speglar sem voru farin til endurvinnslu og ég fékk hjá Góða hirðinum. Ég er að velta upp spurningum um hvað við erum að gefa börnunum okkar og hvers vegna. Hvernig framtíð gefum við þeim með þessu plastdóti? Ég límí dótið á spegla svo fólk geti horfst í augu við sjálft sig og velt þessum hlutum fyrir sér. Svo verður önnur sýning í svipuðum dúr sett upp í Borgarbókasafninu í Spöng í september."

Í svona fjölbreyttum verkefnum segir Ísabella aðalmarkmiðið að vera í góðu jafnvægi, líkamlega, andlega og tilfinningalega. „Því „the show must go on" þó söngvarinn eigi persónulega erfitt og þú verður að geta dílað við sönginn eins og hverja aðra vinnu. Þótt tónlist og öll list sé mjög tilfinningaleg þá verður listamaðurinn að gefa tilfinningarnar í listina án þess að týna sér í þeim svo þær séu fyrir honum. Þá er mikilvægt að huga að mataræðinu, huganum og hreyfingunni, ekki hvað síst dansinum."










# FRÍ ÁLETRUN OG UPPSETNING FYLGIR ÖLLUM LEGSTEINUM



NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 395.900



NR. 2046
VERÐ KR. 251.900



NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 305.900



NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 325.900



NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 285.900



NR. 2021
VERÐ KR. 294.900



NR. GS 1002
VERÐ KR. 589.000

★ ★ ★
25% afsláttur af öllum fylgi-hlutum
★ ★ ★





★ ★ ★
Tökum eldri legstein upp í nýjan á kr. 25.000,-
★ ★ ★

FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4,
REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## Bílar & Farartæki


588 0700 Bilabankinn.is
Í BÍLAKJARNANUM EIRHÖFÐA 11 - 110 REYKJAVÍK



CAT Mini grafa - 301-4.c. Árgerð 2017,Ný vél, dísel, . Verð 3.490.000. + VSK. Rnr.261204 Hafið samband varðandi hugsanleg skipti. Bílabankinn S. 5880700 www. bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið virka daga 12-18 og laugard. 12-15**
**www.bilabankinn.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



VW Tiguan 4wd. 1/2013,57þ. km,dísel, sjálfskiptur. Verð 3.080.000. Skipti ód.Rnr.110285.



LEXUS Nx300 4wd hybrid Exe.10/2016,16þ.km,sjálfskiptur, svart leður,sóllúga,Navi. Verð 8.150.000. Skipti ód.Rnr.110281.



LEXUS Rx400h Exe Hybrid.1/2008,155þ. km,sjálfskiptur,svart leður.Verð 2.800.000. Skipti ód. Rnr.209594.



HONDA Cr-v Eelegance 2.0. 5/2016, 61þ.km,bensin, sjálfskiptur.Verð 4.790.000.Skipti ód. Rnr.123618.



HYUNDAI Santa Fe Premium. 9/2013,76þ.km, dísel, sjálfskiptur, leður, krókur, vetrardekk. Verð 4.980.000. skipti ód. Rnr.119958.



TOYOTA Rav4 hybrid Sport 4wd. 4/2016, 46þ.km, sjálfskiptur. Verð 5.180.000. Skipti ód. Rnr.201979.



TOYOTA Rav4 Gx .6/2014, 54þ.km, bensin, sjálfskiptur, nagladekk á felgum, krókur. Verð 4.190.000. Rnr.202092.



SAAB 9-7x Arc x. 10/2007, 83þ. km, bensin, sjálfskiptur, leður, sóllúga. Verð 1.980.000. Skipti ód. Rnr.115707.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18**


## Bílar til sölu



MMC Pajero INSTYLE, árg 2007, ek 184 Þ.KM, disel, sjálfskiptur.hlaðinn aukabúnaði. WEBASTO. Verð 2.190.000, Uppl. í s. 650 5040



Tveir gullmolar til sölu. Austin Healey Sprite '59 og Mercedes-Benz 280SL '84 S: 894 1326

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Bátar

**VEIÐIVÖTN VEIÐIVÖTN**
Netin tilbúin þekking reynsla gæði. heimavik.is s. 892 8655

**VEIÐIVÖTN VEIÐIVÖTN**
Netin tilbúin þekking reynsla gæði. heimavik.is s. 892 8655

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**
Greniúðun, sláttur og klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐHALD GET BÆTT VIÐ MIG VERKUM Í SEPTEMBER.**
Þak viðgerðir,gluggar og hurða isetning,sumarhús. Sökklar,uppslátt. Get tekið að mér Byggingarstjórn. Tilboð,Tímavinna.

Upplýsingar í s 893-5374

nybyggd@gmail.com

## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Vantar ca. 50-80 fm húsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Jarðhæð. Upplýsingar: 699-6762 eða hreinverk.is - Tómas

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

**FELLABAKRÍ Á EGILSSTÖÐUM**
óskar eftir að ráða duglegan bakara í fullt starf. Leitað er eftir fjölhæfum bakara í brauð og kökugerð. Manni sem getur unnið sjálfstætt og er fær í mannlegum samskiptum.
**Uppl. í s.861 7039 eða fbi@austurland.is**

BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433

**STARFSFÓLK Í AFGREIÐSLU ÓSKAST.**
Í BOÐI ERU VAKTIR BÆÐI FYRIR OG EFTIR HÁDEGI. FRAMTÍÐARSTARF.
**ÁHUGASAMIR SÆKI UM Á NETFANGIÐ BJORNSBAKARI@BJORNSBAKARI.IS MERKT ATVINNA.**

**DISHWASHER AND KITCHEN HELP**
Dishwasher and kitchen assistant needed in a restaurant in Laugavegur. Full time job.

Please send email to steinigumm@gmail.com with information about you and experience or tel: 859 3609

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háholti 13-15, Mos. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**




VINNUPALLAR EHF
s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com


MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**STARFSMAÐUR ÓSKAST**
Stundvís, reglusamur starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun og aðstoð við kjötborð, framtíðarstarf. Uppl. Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60
**Upplýsingar veitir Sveinn í síma 553 8844.**

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í hlutastarf. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt hlutastarf.

**TRADEX EHF Í HAFNARFIRÐI**
vantar stundvist og duglegt starfsfólk í fiskvinnslu og pökkun. Vinnutími frá kl. 7 - 15 virka daga. Umsækjendur sendi umsóknir á tölvupóstinn tradex@tradex.is

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**
Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu HANDAFL EHF s. 777 2 333


Við erum Félag fasteigna sala
Sjáðu alla 270 félagsmenn okkar inni á ff.is eða fasteignir.is
FÉLAG FASTEIGNASALA
Stofnað 1983


Vatnshitablásarar
SONNIGER
Tilboð 89.990
Öflugir blásarar með þykkar kopar pípum og léttari hönnun.
Þurrkbox
í ferðavagnin fyrir veturinn
Tilboð 3 fyrir 2
Þurrktæki
Er rakastigið of hátt?
Tilboð frá kr 44.999
Hitavír
Í þakrennur
Tilboð kr. / m 1.450
Haltu rennunum hreinum í vetur.
íshúsið
viftur.is
-andaðu léttar
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur




## Ritari, móttaka ofl.

Stakfell óskar eftir starfsmanni í almenn skrifstofustörf, móttöku, aðstoð við löggilta fasteignasala stofunnar, skjalavinnslu og fleira.
Stakfell er rótgróin fasteignasala með öfluga liðsheild. Okkur vantar duglegan og drífandi starfsmann til að annast og halda utan um ýmsa hluti sem snúa að skrifstofunni. Starfið felst m.a. í skjalafrágangi, reikningsfrágangi og bókun ásamt öðrum verkefnum.

Mjög góð og vönduð vinnuaðstaða er í boði.
Laun og önnur kjör eru samkomulag.
Við erum staðsett í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 1. sept. n.k.

Ferilskrá ásamt kynningarbréfi berist á netfangið thorlakur@stakfell.is Allar nánari upplýsingar veitir Þorlákur Ómar Einarsson lögg.fasteignasali í síma 535-1004/820-2399

STAKFELL FASTEIGNASALA | 1984

TRAUSTI fasteignasala



**Kristján Baldursson hdl.**
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
S: 867-3040



**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr. lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

## Lækjasmári 2 – 201 Kópavogur
**Opið hús í dag kl. 17:00 – 17:30**



Rúmgóð og björt 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í viðhaldslitlu fjölbýli með lyftu. Eignin er skráð 110,9 fm. þar af er geymsla í kjallara sameignar skráð 6,9 fm. **Verð: 48,4 millj.**

## Strandvegur 19 – 210 Garðabær
**Opið hús í dag kl. 17:30 - 18:00**



Glæsileg og rúmgóð 124,7 fm. íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi með miklu útsýni í Sjálandinu. Bílastæði er í bílakjallara. Svalir og sérverönd. Tvö svefnherbergi, baðherbergi með glugga og þvottahús með glugga innan íbúðar. Eignin er laus við kaupsamning. **Verð: 66,5 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

## SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**



## Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar

Stjórn dómstólasýslunnar auglýsir eftir framkvæmdastjóra. Dómstólasýslan tekur til starfa 1. janúar 2018 á grundvelli laga um dómstóla nr. 50/2016. Dómstólasýslan annast sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna og fer framkvæmdastjóri með daglega stjórn hennar í umboði stjórnar. Skipað er í embættið til fimm ára frá 1. október 2017.

Starfssvið:
- Yfirumsjón með daglegum rekstri dómstólasýslunnar.
- Undirbúningur og eftirfylgd stefnu og ákvarðana stjórnar.
- Gerð rekstraráætlunar og eftirfylgd.
- Starfsmannamál.
- Skipulagning símenntunar dómara og annarra starfsmanna.
- Upplýsinga- og tæknimál.

Hæfniskröfur:
- Embættispróf eða grunnnám ásamt meistaraprófi í lögum.
- Stjórnunarhæfileikar með áherslu á frumkvæði, samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð tungumálakunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu og um störf dómstóla.
- Tölvufærni og þekking á sviði upplýsinga- og tæknimála.

**Umsóknarfrestur er framlengdur til og með 5. september 2017.**
Áskilið er að umsóknir og fylgigögn berist með rafrænum hætti á netfangið domstolasyslan@domstolar.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar skipað hefur verið í embættið.

Nánari upplýsingar veita:
Benedikt Bogason, bboga@simnet.is eða
Kristín Haraldsdóttir, kristinhar@internet.is.

Dómstólasýslan



## ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Við óskum eftir duglegum og drífandi einstakling í 50% og 100% vinnu.

Góður kostur ef viðkomandi er:

- Samviskusamur, duglegur og orkumikill
- Með jákvætt viðmót og góða þjónustulund
- Áhugasamur um fallega hönnun
- Með reynslu af verslunarstörfum
- Getur hafið störf sem fyrst

Umsóknarfrestur er til 3. september. Ef þú hefur áhuga endilega sendu okkur ferilskrána þína á aurum@aurum.is. Öllum umsóknum er svarað.

aurum

Bankastræti 4 | sími: 551 2770 | www.aurum.is

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

# 535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali


**AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR**
B.E.d.
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2495


**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari


**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON**
Lögfræðingur
GSM 660 4777


**HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR**
Lögfræðingur B.A.,
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 4242


**EDWIN ÁRNASON**
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2121


**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149


**JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166


**MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966


**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663-2508


**EINAR S. VALDIMARSSON**
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314

## GOÐHEIMAR, 104 REYKJAVÍK — 74.9M



**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON / 895 2049**

Goðheimar, sérhæð með bílskúr og aukaíbúð í kj. Samtals um 190 fm. Rúmgóð og björt neðri sérhæð ásamt bílskúr samtals 157.7 fm í þessu reisulega steinhúsi. Í kjallara fylgir ósamþykkt séríbúð um 37 fm. Kjallaraíbúð er í mjög góðu ástandi en sérhæð er nokkuð upprunanleg.

## KÓPAVOGSBRÚN 2-4, 200 KÓPAVOGUR — 86.8M



**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

Nýtt vandað átta íbúða hús við Kópavogsbrún 2-4. Um er að ræða stórar lúxus hæðir með stórum stæðum í bílakjallara. Stór auka íbúðarrými á jarðhæð, með sér inngang, gluggum og salerni. Afhending er áætluð í nóvember 2017.

## DYNGJUVEGUR 17, 104 REYKJAVÍK — 89.9M



**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

Tveggja hæða einbýlishús sem skiptist í tvær íbúðir ,sem hafa sitthvort fastanúmerið, og bílskúr sem hefur að hluta verið útbúin sem íbúðarherbergi. Húsið stendur á góðri 528 m2 vel frá genginni lóð með gróðursælum garði.

## HÁALEITISBRAUT 17, 108 REYKJAVÍK — TILBOÐ




**MATTHILDUR S. ÞORLÁKSD. / 690 4966**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 22. ágúst. kl. 17:00-17:30. Snyrtileg 5 herbergja, 149,6 fm. endaíbúð við Háaleitisbraut 17, Reykjavík. Íbúð skiptist í forstofu og hol, stofu, eldhús, baðherbergi og 4 svefnherbergi. Bílskúr fylgir eign. Einnig fylgir 17 fm. í sameiginlegu rými, ekki inn í fm tölu, sem er í útleigu.

## ÁRSALIR 3, 201 KÓPAVOGUR — 41.9M




**MATTHILDUR S. ÞORLÁKSD. / 690 4966**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 22. ágúst. kl. 17:45-18:15. 92,7 fm. íbúð . Íbúðin er á jarðhæð og skiptist í anddyri, stofu, eldhús, 2 svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Pallur til suðurs. Sér geymsla í sameign.

## VEFARASTRÆTI 7-11, 270 MOSFELLSBÆR — 36.9M



**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

Vönduð 2ja herbergja, 73,1 m2 íbúð á jarðhæð í nýju glæsilegu þriggja hæða fjölbýlishúsi við Vefarastræti 7-11 í Helgafellslandi, 270 Mosfellsbær. Íbúðinni fylgir sérafnotaflötur sem er 21,3 m2 að stærð.

## ÞRASTARTJÖRN 26-36, REYKJANESBÆR — 37M



**MATTHILDUR S. ÞORLÁKSD. / 690 4966**

Sex staðsteypt 137,9 fm raðhús í Reykjanesbæ. Bílskúr með hverri eign. Inngangur í norðri og garður í suður. Húsin afhendast á byggingastigi 5, tilbúin til innréttinga með gólfhita. Lóð verður grófjöfnuð.



## FASTEIGNIR TIL SÖLU – MIÐBÆR

Fjórar nýtískulegar íbúðir til sölu í miðbænum. Íbúðrnar hafa verið starfræktar fyrir airbnb rekstur og eru allar nýlegar lúxusíbúðir í lyftuhúsum í miðbænum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Íbúðirnar seljast allar saman. Þær eru allar innréttaðar á smekklegan og vandaðan hátt og seljast með öllum búnaði sem er vandaður í alla staði , þ.m.t. húsgögnum, tækjum og lausabúnaði sem fylgir rekstrinum. Allar íbúðirnar eru 3ja herbergja og eru stærðir þeirra, 85.9 fm, 103.5 fm, 89.9 fm og 113.7 fm. Gott nafn á rekstrinum fylgir.



Allar nánari upplýsingar veitir Stefán Hrafn hdl.lögg.fasts.
í síma: 895-2049 og á netfangið: stefan@stakfell.is

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Guðrún Gísladóttir**

tannlæknir,

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey samkvæmt ósk hennar. Hún lifir áfram í ljósi minninganna.

**Jón Baldvinsson**
**Signý Jóhannsdóttir**
**Hlín Baldvinsdóttir**
**Gísli Baldvinsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Vinur minn og fjölskyldu minnar,

**Þórarinn Marteinn Friðjónsson**

Matti

lést á Hrafnistu Reykjavík 9. ágúst. Útförin fer fram í kapellunni í Hafnarfjarðarkirkjugarði föstudaginn 25. ágúst kl. 15.00. Innilegt þakklæti fyrir góða umönnun til starfsfólks Hrafnistu í Reykjavík.

**F.h. aðstandenda,**
**Stefán Gissurarson**



✝

Okkar yndislegi sonur og bróðir,

**Hafliði Arnar Bjarnason**

Eyjabakka 16,

verður jarðsunginn frá Lindakirkju í Kópavogi miðvikudaginn 23. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vilja minnast Hafliða Arnars er bent á Pieta og Hugarafl. Minningarathöfn verður haldin í Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 26. ágúst kl. 13.00.

**Ólöf H. Aðalsteinsdóttir**
**Bjarni H. Sigurjónsson**
**Svanhvít Jóna Bjarnadóttir**
**Christian Reith**
**Hilmir Þór Bjarnason**
**Karen Pálsdóttir**
**Bernharður Bjarnason**
**Elías Kjartan Bjarnason**
**Sigrún Helga Davíðsdóttir**
**og aðrir vandamenn.**


*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


22. ÁGÚST 2007

## Kvikmyndin Astrópía frumsýnd

Kvikmyndin Astrópía, sem skartaði Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur í aðalhlutverki, var frumsýnd 22. ágúst 2007. Myndin fjallar um Hildi, yfirstéttarstelpu og fastagest á síðum slúðurblaðanna. Hildur kemst að því að unnusti hennar er á leið í fangelsi og hún þarf því að læra að standa á eigin fótum. Það er erfitt enda hefur Hildur enga reynslu af því að standa á eigin fótum. Það verður henni til happs að hún fær vinnu í versluninni Astrópíu sem selur alls kyns hluti sem tengjast hlutverkaspilum.

Þetta var fyrsta kvikmynd Gunnars Björns Guðmundssonar í fullri lengd. „Þetta er mjög óvenjuleg mynd af íslenskri mynd að vera,“ sagði Gunnar Björn við Fréttablaðið á frumsýningardaginn. Auk Ragnhildar Steinunnar fara Snorri Engilbertsson, Pétur Jóhann Sigfússon og Sverrir Þór Sverrisson með stærstu hlutverkin í myndinni.






✝

Hjartkær móðir okkar,

**Erna Sigfúsdóttir**

Hellum,

lést þann 12. ágúst 2017. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Bergljót, Sigfús Már, Sigurður og Sólveig**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Anna Hafliðadóttir**

frá Neðri-Tungu,
Þórsgötu 1, Patreksfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar aðfaranótt laugardagsins 19. ágúst.

**Ásdís Ásgeirsdóttir**
**Hafliði Árnason**
**Lilja Kolbrún Kristjánsdóttir**
**Erna Árnadóttir**
**Gísli Geir Jónsson**
**Halldór Árnason**
**Lára Björk Kristinsdóttir**
**Ólafur Árnason**
**Jóna Sigurgeirsdóttir**
**Rúnar Árnason**
**Sigurbjörg Ásgeirsdóttir**
**Ásbjörn Helgi Árnason**
**Helga Snorradóttir**
**Jón Árnason**
**Fanney Sigurgeirsdóttir**
**Dómhildur Árnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



✝

Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,

**Ólöf Gerður Pálsdóttir**

Sléttuvegi 7,

lést á Landspítalanum þann 17. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 24. ágúst kl. 13.00.

**Gunnar Albert Ottósson**
**Árni Freyr Gunnarsson**
**Þorbjörg Kristín Gunnarsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Ingimundardóttir**

lést mánudaginn 14. ágúst á Hrafnistu. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 28. ágúst klukkan 13.

**Örn Guðmundsson**
**Petra Gísladóttir**
**Guðrún Peterson**
**E. Georg Peterson**
**Svava Guðmundsdóttir**
**Jón Jónsson**
**Erla Guðmundsdóttir**
**Hlöðver Már Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Bróðir minn og frændi,

**Gunnar Vilhjálmsson**

(Gunni)

Ísafold, Garðabæ,

kvaddi þann 8. ágúst 2017. Hann var jarðsunginn frá kapellunni í Hafnarfirði. Starfsfólk Ísafoldar og aðrir, kærar þakkir.

**Ásta Vilhjálmsdóttir**
**Ragnheiður Ásta Jóhannsdóttir**
**Berglind Elva Jóhannsdóttir**



✝

Móðir mín, tengdamóðir, amma og systir,

**Alma Þorláksdóttir**

lést á heimili sínu mánudaginn 31. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Norðurbrúnar 1 fyrir alúð og umhyggju.

**Hjörleifur Harðarson**
**Inga Steinunn Björgvinsdóttir**
**Sandra Sól og Brynjar Orri**
**Erna Björk Kristinsdóttir**
**Sigurður, Bengta, Eiríkur, Ólafur**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sverrir Hallgrímsson**

húsgagnasmíðameistari,
Hrísmóum 10, Garðabæ,

lést 18. ágúst á heimili sínu. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 25. ágúst klukkan 13.

**Þórunn Árnadóttir**
**Friðrik Sverrisson**
**Lilja Bergmann Sigurðardóttir**
**Guðríður Sverrisdóttir**
**Lárus Halldórsson**
**Þór Sverrisson**
**Bjarney Sigurðardóttir**
**Guðrún Sverrisdóttir**
**Bjarni Geirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Lára Jónsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk fimmtudaginn 10. ágúst. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðrún Andrésdóttir**
**Sveinn Egilsson**
**Anna Andrésdóttir**
**Jón Valgeir Skarphéðinsson**
**Andrea Andrésdóttir**
**Haraldur Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri

**Óskar Jóhannesson**

Brekku, Biskupstungum,

lést miðvikudaginn 9. ágúst. Útför hans verður gerð frá Skálholtsdómkirkju fimmtudaginn 24. ágúst klukkan 14.00.

**Aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# VINSÆLAR SKÓLATÖLVUR

tl.is



ASUS

## KRAFTMIKIL OG GLÆSILEG MEÐ i5

### HRAÐUR 256GB SSD

ASU-F556UADM1023T

FULLKOMIN Í SKÓLANN.
FLOTT HÖNNUN, INTEL i5 ÖRGJÖRVI,
8GB VINNSLUMINNI, 256GB SSD OG FHD SKJÁR.

15,6" FULL HD

- INTEL i5
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 258GB SSD

**109.995**



acer

## A9 OG LENGRI RAFHLÖÐUENDING

### AMD RADEON R5

ACE-NXGNVED036

ÖFLUGUR ÖRGJÖRVI, R5 RADEON SKJÁKORT
OG BLUELIGHTSHIELD SKJÁTÆKNI SEM MINNKAR
AUGNÞREYTU OG LENGIR RAFHLÖÐUENDINGU.

15,6" FULL HD

- AMD A9 9420
- AMD RADEON R5
- 4GB MINNI
- 128GB SSD

**79.995**



acer

## INTEL i5 OG GTX1050

### HRAÐI OG KRAFTUR

ACE-NXGP8ED002

LEIKJAFARTÖLVA Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI MEÐ GTX1050
LEIKJASKJÁKORTI, 256GB PCIe SSD OG INTEL I5 ÖRGJÖRVA.

15,6" FULL HD

- FJÖGURRA KJARNA i5
- NVIDIA GTX1050
- 8GB MINNI
- 256GB PCIe SSD

**139.995**



ASUS

## 15,6" FULL HD OG 128GB SSD

### ÓTRÚLEGT VERÐ

ASU-E502NADM047T

VINSÆL FYRIR SKÓLANN. 15,6" FHD
HÁSKERPUSKJÁR OG HRAÐVIRKUR 128GB SSD
DISKUR. STÍLHREIN OG GLÆSILEGA HÖNNUÐ.

15,6" FULL HD

- INTEL QUAD CORE
- INTEL HD 500
- 4GB MINNI
- 128GB SSD

**59.995**



ASUS

## ÖRÞUNN ZENBOOK MEÐ i5 KABY LAKE

### HÖNNUN OG HRAÐI

ASU-UX410UAGV028T

SÉRSTAKLEGA ÖFLUG OG GLÆSILEG.
8GB VINNSLUMINNI OG NÝJA 256GB M.2 SSD.
BAKLÝST LYKLABORÐ, FHD SKJÁR MEÐ IPS SKJÁTÆKNI.

14" FULL HD

- INTEL i5 KABY LAKE
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

**139.995**



F-Secure

## VÍRUSVÖRN FYLGIR!

ÁRSÁSKRIFT AF F-SECURE SAFE ÖRYGGISPAKKA MEÐ VÍRUSVÖRN
AÐ VERÐMÆTI 5.995 FYLGIR MEÐ ÖLLUM SKÓLATÖLVUM Í ÁGÚST!

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Hægur vindur í dag og víða léttskýjað, en skýjað á Norðausturlandi. Áfram hlýtt í veðri.










**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 9 | | 5 | 1 | 2 | | | 6 | 7 |
| | | 7 | | 5 | | 2 | | |
| 2 | | 8 | | | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | | 9 | | | | | | 5 |
| | 1 | | | | | 9 | 8 | |
| 4 | | | | 3 | 8 | | | |
| | 9 | | 7 | | | | | |
| | 8 | 1 | | | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | | 2 | | |
| 4 | | 6 | 8 | | | | | 9 |
| | 3 | 7 | | | | | 6 | |
| | | 8 | | | 1 | 6 | | |
| 3 | | 9 | | | 4 | | 7 | |
| 7 | 2 | | | 6 | | | | 5 |
| | 8 | | | | 2 | | | 4 |
| 9 | 7 | 4 | | | 8 | | | |
| | | | | | 9 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 6 | | |
| | 4 | | | | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 7 | | 9 |
| | 5 | | 3 | | | | | |
| | | | 8 | | 2 | | | |
| | | | | 6 | 1 | | | |
| | 6 | | | 2 | | 3 | 5 | 7 |
| | | 4 | | | | | | |
| 3 | 9 | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. svörður
6. belti
8. lögg
9. móðurlíf
11. komast
12. á undan
14. arkarbrot
16. hvað
17. stefna
18. kærleikur
20. ólæti
21. málmur

**LÓÐRÉTT**
1. tala
3. pot
4. skordýr
5. af
7. mega
10. æxlunarkorn
13. flík
15. hræðsla
16. rámur
19. nesoddi




**LÁRÉTT:** 2. torf, 6. ól, 8. tár, 9. leg, 11. ná, 12. fyrst, 14. fólíó, 16. ha, 17. átt, 18. ást, 20. at, 21. stál. **LÓÐRÉTT:** 1. tólf, 3. ot, 4. rántíta, 5. frá, 7. leyfast, 10. gró, 13. slá, 15. ótti, 16. hás, 19. tá.

## Skák Gunnar Björnsson

Gauti Páll Jónsson (1.889) átti leik gegn Jon Olav Fivelstadt (1.736) á Stórmóti Árbæjarsafns og TR fyrir skemmstu.

**Hvítur á leik**

**1. Rb6+! Rxb6 2. Dc7# 1-0.**

Hjörvar Steinn Grétarsson sigraði á mótinu með fullu húsi. Vignir Vatnar Stefánsson varð annar. Hjörvar verður meðal keppenda á Meistaramóti Hugins sem hefst á morgun.

**www.skak.is:** Nýjar skákfréttir.




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 9 | 8 |
| 7 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 7 |
| 9 | 3 | 2 | 7 | 8 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 |
| 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 2 | 9 | 7 | 5 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 8 | 3 | 4 | 6 | 2 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 5 | 7 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 |
| 7 | 5 | 8 | 1 | 6 | 2 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 5 | 3 |
| 6 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 5 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 |
| 7 | 9 | 6 | 5 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 6 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 9 | 5 | 3 | 8 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 6:30 - 8 - 9 - 10:30 |
| HITMAN'S BODYGUARD VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:30 |
| DUNKIRK | KL. 8 - 10:30 |
| FUN MOM DINNER | KL. 8 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 6 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 10 |
| PIRATES 2D | KL. 5:20 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 6 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 8 - 10:30 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:30 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 6 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:40 |
| DUNKIRK | KL. 6 - 8:20 - 10:20 |
| FUN MOM DINNER | KL. 6 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 8 - 10:30 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 10:30 |
| DUNKIRK | KL. 8 |
| FUN MOM DINNER | KL. 6 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 22. ÁGÚST 2017

### Tónlist

**Hvað?** Reykjavík Beat Generation á Kexi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Á djasskvöldi Kex hostels í kvöld kemur fram hljómsveitin Reykjavík Beat Generation. Börkur Hrafn Birgisson leikur á gítar, Steinar Sigurðarson á saxófón, Daði Birgisson á hljómborð, Róbert Þórhallsson á bassa og Þorvaldur Þór Þorvaldsson á trommur. Þeir munu flytja fönk og poppaðan djass.

**Hvað?** MIMRA music
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Tónlistarkonan Mimra heldur tónleika á Rosenberg í kvöld. Tónleikarnir verða með persónulegu sniði og ætlar söngkonan og lagahöfundurinn að flytja lög sín í akústískum útgáfum með píanó og lúppupedal að vopni, strípa þau niður og segja sögurnar á bak við þau. Söngvaskáldatónleikar þar sem tónlist, ljóð og sögur verða í fyrirrúmi.

**Hvað?** Bubbi Morthens
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Bubbi Morthens mun spila í fyrsta sinn á Dillon í kvöld. Hann er að gefa út nýja plötu og mun taka lög af henni í bland við gamalt efni. Húsið opnað kl. 17.

**Hvað?** Icelandic songs – Land of Dreams
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Harpa

### Viðburðir

**Hvað?** Kynning: Kúba með Tómasi R.
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Farvel, Suðurlandsbraut
Farvel og Tómas R. Einarsson tónlistarmaður hafa þróað einstaka ferð til Kúbu – perlu Karíbahafsins. Skyggnst verður djúpt í menningu og mannlíf eyjarskeggja í gegnum músík og sögu landsins. Þrír ólíkir áfangastaðir; Havana, Trinidad og Vinales. Náttúra, menning, músík, saga og endalaust ljúfar stundir á Kúbu með Tómasi R.

**Hvað?** POP QUIZ@Stúdentakjallarinn
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Pop Quiz kóngarnir Jón Már og Árni Freyr mæta með gítarana, geggjuð lög og glænýjar spurningar. Fer fram á ensku.

**Hvað?** Pottakvöld kvenna 2017
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sundlaugin í Sandgerði
Pottakvöld kvenna verður haldið í sundlauginni í Sandgerði í kvöld. Það verður frábær dagskrá í umsjón Kvennakórs Suðurnesja: Kynning á snyrtivörum frá Taramar, Anna Lóa Ólafsdóttir spjallar um hamingjuna, líkamsvitund kvenna og öryggi og eitthvað fleira skemmtilegt. Sundlaugarsprell með Freyju Sig. Leikir – flott verðlaun. Pálmar Örn Guðmundsson trúbador. Léttar veitingar og kósíheit.

**Hvað?** Skemmtikeppni – motocross í Bolaöldu
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Litla kaffistofan
Á milli kl. 18.00 og 19.00 er opin æfing. Þá geta allir mætt í brautina og æft sig og til þess að prófa brautina áður en keppt er.

### Sýningar

**Hvað?** Uppbrot
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Gallery 78, Suðurgötu
Listatvíeykið Sigga og Madda hafa unnið náið saman í list sinni og skapað sameiginleg verk undir nafninu Sigmar Stórholt sem er þeirra svokallaða „alter ego“. Afrakstur þessarar samvinnu eða verka Sigmars Stórholts verður til sýnis í Gallerí 78.

**Hvað?** Louisa Matthíasdóttir: Kyrrð
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Viðamikil yfirlitssýning á verkum listakonunnar Louisu Matthíasdóttur (1917-2000) þar sem kærkomið tækifæri gefst til að fá yfirsýn yfir feril listakonu sem á einstakan hátt hefur túlkað íslenskt landslag. Á sýningunni má vel sjá þá breidd sem býr í verkum hennar. Nærumhverfi hennar varð í langflestum tilfellum efniviður verkanna, hvort sem um var að ræða landslag, uppstillingar eða myndir af henni sjálfri.

**Hvað?** Ragnar Kjartansson: Guð, hvað mér líður illa
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Ragnar Kjartansson heldur fyrstu safnsýningu sína á heimavelli eftir sigurför á erlendri grundu á undanförnum árum.

**Hvað?** Ásmundur Sveinsson: List fyrir fólkið
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafn, Sigtúni
Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Á sýningunni er sjónum beint að öllum ferli listamannsins allt frá tréskurðarnámi, til síðustu ára listamannsins.

## Góða skemmtun í bíó


MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Menntun fyrir alla á Íslandi**

**Málþing um framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi**
**24. ágúst 2017 kl. 10:00-16:00 í Háskóla Íslands, Stakkahlíð (í Skriðu)**

Málþinginu verður streymt á vef ráðuneytisins www.stjornarradid.is/menntunfyriralla
**Skráningu lýkur á miðnætti 22. ágúst 2017**

**Dagskrá**

| | |
|---|---|
| 09:30-10:00 | Kaffi, skráning og afhending gagna |
| 10:00-10:05 | Þingsetning – formaður stýrihóps um eftirfylgni úttektar. Ragnheiður Bóasdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti |
| 10:05-10:15 | Ávarp mennta- og menningarmálaráðherra. Kristján Þór Júlíusson |
| 10:15-11:05 | Ávörp fulltrúa annara aðila sem standa að samstarfsyfirlýsingu um eftirfylgni úttektar um menntun án aðgreiningar á Íslandi (Samband íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneyti, Kennarasamband Íslands, Skólameistarafélag Íslands og Heimili og skóli) |
| 11:10-12:15 | **Gæðamenntun án aðgreiningar.** Amanda Watkins og Verity Donelly fulltrúar Evrópumiðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir |
| 12:15-13:00 | Léttur hádegisverður í boði mennta- og menningarmálaráðuneytisins |
| 13:00-13:30 | **Fyrirmyndarstarfshættir í skólum.** Hanna Ragnarsdóttir prófessor í Háskóla Íslands |
| 13:35-15:10 | Vinna í sex málstofum með kaffihléi |

Umfjöllunarefni í fyrri hluta (um 40 mín.):
**Grundvöllur gæðastarfs fyrir alla nemendur**

Umfjöllunarefni í síðari hluta (um 40 mín.):
1. Löggjöf og stefnumótun. Málstofustjóri Stefán Baldursson skrifstofustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti
2. Gæðastjórnunarkerfi. Málstofustjóri Björk Ólafsdóttir sérfræðingur, Menntamálastofnun
3. Stuðningur við lærdómssamfélag skóla. Málstofustjóri Þorsteinn Hjartarson fræðslustjóri, Árborg
4. Fyrirkomulag fjárveitinga. Málstofustjóri Sigurður Á. Snævarr sviðsstjóri, Samband íslenskra sveitarfélaga
5. Stuðningskerfi á öllum skólastigum. Málstofustjóri Soffía Lárusdóttir forstöðumaður, Greiningar- og ráðgjafastöð Íslands
6. Grunnmenntun og fagleg starfsþróun. Málstofustjóri Aðalheiður Steingrímsdóttir varaformaður, Kennarasamband Íslands

| | |
|---|---|
| 15:15-15:45 | Samantekt. Anna Magnea Hreinsdóttir fræðslustjóri Borgarbyggðar og Ingvar Sigurgeirsson prófessor í Háskóla Íslands |
| 15:50-16:00 | Lokaorð. Gunnar Gíslason ráðgjafi - málþingsstjóri |

**Málþingið er haldið af mennta- og menningarmálaráðuneyti í tengslum við eftirfylgni úttektar um menntun án aðgreingar á Íslandi og er öllum opið á meðan húsrúm leyfir, án endurgjalds.**






BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Out Of Thin Air | 18:00 |
| The Other Side Of Hope | 18:00 |
| Hjartasteinn | 17:30 |
| Sing Street | 20:00 |
| Manchester By The Sea | 20:00 |
| Heima | 20:00 |
| I, Daniel Blake | 22:00 |
| The Greasy Strangler | 22:45 |
| Ég Man Þig | 22:00 |




KORTASALAN ER HAFIN
ÁSKRIFTARKORT Á 4 SÝNINGAR TRYGGIR ÞÉR 30% AFSLÁTT
NETVERÐ
17.500 KR.
BÓKAÐU
Á NETINU
ALMENNT
VERÐ
18.500 KR.
BÓKAÐU
Í MIÐASÖLU


568 8000 • BORGARLEIKHUS.IS

# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur





**FRIGHT CLUB**
Frábærir heimildarþættir þar sem fylgst er með fólki sem glímir við ýmisskonar fælni og hvernig mögulegt er að sigrast á þessum vanda sem margir þurfa að takast á við í sínu daglega lífi.

**ÞRÆLGOTT**
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**LAST WEEK TONIGHT WITH JOHN OLIVER**
Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir hárbeittan og skemmtilegan húmor.



**BALLERS**
Stórskemmtilegir þættir um ameríska ruðningshetjur og stjörnum prýtt líf þeirra með hinum eina sanna Dwayne Johnson í aðalhlutverki.



**LUCIFER**
Magnaðir spennuþættir um djöfulinn sjálfan sem kom upp á yfirborð jarðar þegar hann fékk nóg af helvíti einn daginn.




**EMPIRE**
Hressilegir þættir um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistar-bransanum.



**SPY**
Yfirmenn bandarísku leyniþjónustunnar uppgötva að stórhættuleg glæpadrottning hefur komist yfir öflugt vopn sem hún hyggst selja til hryðjuverkahóps.



**WIRE**
Hörkuspennandi þættir sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


### STÖÐ 2

07.00 **Simpson-fjölskyldan**
07.20 **Teen Titans Go!**
07.45 **The Middle**
08.10 **Mike and Molly**
08.35 **Ellen**
09.15 **Bold and the Beautiful**
09.35 **The Doctors**
10.15 **Jamie's 30 Minute Meals**
10.40 **Mr Selfridge**
11.25 **Catastrophe**
11.50 **Suits**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **The X-Factor US**
14.25 **The X-Factor US**
15.10 **The X-Factor US**
16.35 **Simpson-fjölskyldan**
17.00 **Bold and the Beautiful**
17.25 **Nágrannar**
17.50 **Ellen**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.55 **Íþróttir**
19.05 **Ísland í sumar**
19.25 **Last Week Tonight with John Oliver**
20.00 **Great News**
20.25 **Fright Club**
21.10 **Ballers**
21.40 **Lucifer**
22.25 **Empire** Þriðja þáttaröðin um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð. Undir niðri ólgar spenna á meðal fjölskyldunnar því allir sækjast eftir völdum. Bræðurnir svífast einskis og Cookie, fyrrum eiginkona Lucious, ætlar að fá það sem henni finnst hún eiga skilið.
23.10 **The Night Shift**
23.55 **Nashville 4**
00.35 **Orange Is the New Black**
01.30 **Timeless**
02.15 **Timeless**
03.00 **Timeless**
03.45 **Sunlight Jr.**
05.15 **The Middle**
05.40 **Catastrophe**
06.05 **Mike and Molly**

### STÖÐ 2 SPORT

07.25 **Stjarnan - Fjölnir**
09.05 **Pepsímörkin 2017**
10.30 **Hamburg - Augsburg**
12.10 **Deportivo - Real Madrid**
13.50 **Spænsku mörkin 2017/2018**
14.20 **Football League Show 2017/18**
14.50 **Man. City - Everton**
16.30 **Bayern München - Bayer Leverkusen**
18.10 **Þýsku mörkin 2017/2018**
18.40 **Nice - Napoli**
20.45 **Markasyrpa Meistaradeildarinnar**
21.05 **Premier League Review 2017/2018**
22.00 **Burnley - WBA**
23.40 **FH - ÍBV**

### STÖÐ 2 SPORT 2

07.50 **Leicester - Brighton**
09.30 **Man. City - Everton**
11.10 **Swansea - Man. Utd.**
12.50 **Southampton - West Ham**
14.30 **Liverpool - Crystal Palace**
16.10 **Napoli - Nice**
17.50 **FH - ÍBV**
20.00 **Stjarnan - Fjölnir**
21.40 **Pepsi-mörkin 2017**
23.05 **Síðustu 20**
23.30 **Sheffield United - Leicester City**
01.10 **Nice - Napoli**
02.50 **Markasyrpa Meistaradeildarinnar**

### STÖÐ 3

17.15 **New Girl**
17.40 **The Big Bang Theory**
18.05 **Mike and Molly**
18.30 **Modern Family**
18.55 **Curb Your Enthusiasm**
19.30 **Mayday**
20.15 **Last Man Standing**
20.40 **Sleepy Hollow**
21.25 **The Vampire Diaries**
22.10 **Wire**
23.10 **Modern Family**
23.35 **Curb Your Enthusiasm**
00.10 **Mayday**
00.55 **Last Man Standing**
01.20 **Sleepy Hollow**
02.05 **The Vampire Diaries**
02.50 **Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

07.00 **Dóra könnuður**
07.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
07.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
08.00 **Áfram Diego, áfram!**
08.24 **Svampur Sveinsson**
08.49 **Lalli**
08.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
09.00 **Lína langsokkur**
09.25 **Hvellur keppnisbíll**
09.37 **Ævintýraferðin**
09.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
10.00 **Víkingurinn Viggó**
10.11 **Zigby**
10.25 **Stóri og Litli**
10.38 **Skógardýrið Húgó**
11.00 **Dóra könnuður**
11.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
11.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
12.00 **Áfram Diego, áfram!**
12.24 **Svampur Sveinsson**
12.49 **Lalli**
12.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
13.00 **Lína langsokkur**
13.25 **Hvellur keppnisbíll**
13.37 **Ævintýraferðin**
13.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
14.00 **Víkingurinn Viggó**
14.11 **Zigby**
14.25 **Stóri og Litli**
14.38 **Skógardýrið Húgó**
15.00 **Dóra könnuður**
15.24 **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
15.47 **Doddi litli og Eyrnastór**
16.00 **Áfram Diego, áfram!**
16.24 **Svampur Sveinsson**
16.49 **Lalli**
16.55 **Rasmus Klumpur og félagar**
17.00 **Lína langsokkur**
17.25 **Hvellur keppnisbíll**
17.37 **Ævintýraferðin**
17.49 **Gulla og grænjaxlarnir**
18.00 **Víkingurinn Viggó**
18.11 **Zigby**
18.25 **Stóri og Litli**
18.39 **Latibær**
19.00 **Smáheimar: Dalur týndu mauranna**

**Könnuðurinn Dóra kl. 07.00, 11.00 og 15.00**



### GOLFSTÖÐIN

07.00 **Wyndham Championship**
10.00 **Solheim Cup 2017**
15.00 **Wyndham Championship**
19.00 **Golfing World 2017**
19.50 **Wyndham Championship**
23.50 **PGA Highlights 2017**
00.45 **Golfing World 2017**

### BÍÓSTÖÐIN

09.25 **Longest Ride**
11.30 **Pride and Prejudice**
13.35 **Duplicity**
15.40 **Longest Ride**
17.50 **Pride and Prejudice**
19.55 **Duplicity**
22.00 **Spy**
00.00 **John Wick** Spennutryllir frá árinu 2014 sem fjallar um John Wick, fyrrverandi leigumorðingja sem neyðist til þess að snúa til fyrri atvinnu til þess að elta uppi menn sem ógna lífi hans. Keanu Reeves fer með aðalhlutverk í þessari frábæru mynd.
01.40 **The Giver**
03.15 **Spy** Stórskemmtileg gamanmynd frá 2015 með Melissu McCarthy, Rose Byrne og Jude Law í aðalhlutverkum. Myndin segir frá því þegar yfirmenn bandarísku leyniþjónustunnar uppgötva að stórhættuleg glæpadrottning hefur komist yfir öflugt vopn sem hún hyggst nú selja til hryðjuverkahóps, en það ógnar auðvitað heimsfriðinum og má alls ekki gerast.

### RÚV

16.50 **Íslendingar**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Hopp og hí Sessamí**
18.25 **Drekar**
18.47 **Hundalíf**
18.50 **Vísindahorn Ævars**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljós og Menningin**
20.05 **Með okkar augum**
20.40 **Veröldin okkar: Fjölskylduherdeildin í Kína**
21.10 **Síðasta konungsríkið**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veðurfréttir**
22.20 **Endurheimtur**
23.05 **Hernám**
23.50 **Kastljós og Menningin**

### SJÓNVARP SÍMANS

08.00 **Everybody Loves Raymond**
08.25 **Dr. Phil**
09.05 **Life Unexpected**
09.50 **Psych**
10.35 **Síminn + Spotify**
13.35 **Dr. Phil**
14.15 **Playing House**
14.40 **Million Dollar Listing**
15.25 **Life in Pieces**
15.50 **Old House, New Home**
16.35 **King of Queens**
17.00 **Man with a Plan**
17.25 **How I Met Your Mother**
17.50 **Dr. Phil**
18.30 **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
19.10 **The Late Late Show with James Corden**
19.50 **The Great Indoors**
20.15 **Crazy Ex-Girlfriend**
21.00 **Star**
21.45 **Girlfriends' Guide to Divorce**
22.30 **Baskets**
23.00 **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
23.40 **The Late Late Show with James Corden**
00.20 **CSI Miami**
01.05 **Code Black**
01.50 **Chicago Justice**
02.35 **Bull**
03.20 **Sex & Drugs & Rock & Roll**
03.50 **Star**
04.35 **Girlfriends' Guide to Divorce**
05.20 **Baskets**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Allt fyrir skólann



Faber Castell blýantur
Verð 369 kr.



Nike bakpoki
Verð 5.999 kr.



Explore skólataska
Verð 9.990 kr.



Fatamerkipenni
Tilboðsverð 399 kr.
Verð áður 589 kr.



Brunnen yddari
Verð 499 kr.



Stílabók, línustrikuð
Verð 389 kr.



Gráðubogi
Verð 189 kr.



Stabilo trélitir
Tilboðsverð 489 kr.
Verð áður 699 kr.



Sirkill
Verð 399 kr.



Skæri
Verð 249 kr.



Boxy strokleður
Verð 199 kr.

**30% afsláttur af öllum pennaveskjum**

**24/7**

**Opið allan sólarhringinn í A4 Skeifunni**

**Opið til kl. 21 í Smáralind í dag, 22. ágúst**



Límstifti 8g
Tilboðsverð 99 kr.
Verð áður 147 kr.



Stabilo tússlitir
Tilboðsverð 499 kr.
Verð áður 798 kr.



Explore pennaveski
Tilboðsverð 1.399 kr.
Verð áður 1.999 kr.



**SPINNER FYLGIR ÖLLUM SKÓLATÖSKUM**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**
**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4**
**SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN**

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI



www.bilaland.is




NISSAN Qashqai Acenta 4WD
Nýskr. 05/16, ekinn 66 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ 3.190 þús. kr.




SUBARU Forester Premium
Nýskr. 06/16, ekinn 58 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ 3.890 þús. kr.




TOYOTA Aygo X-Play
Nýskr. 06/16, ekinn 24 þ.km, bensín, beinskiptur.
VERÐ 1.590 þús. kr.




NISSAN Juke Acenta 2WD
Nýskr. 06/15, ekinn 50 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ 2.490 þús. kr.




HONDA Jazz
Nýskr. 04/16, ekinn 40 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
VERÐ 2.170 þús. kr.




DACIA Logan
Nýskr. 07/16, ekinn 14 þ.km, dísil, beinskiptur.
VERÐ 2.150 þús. kr.

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM83574




Silla heldur í dag út til Vancouver til að halda áfram með handritsvinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vinnur að handriti með Hobbitastjörnu

**Silla Berg** er handritshöfundur úr Vestmannaeyjum sem vinnur nú að handriti með Hollywood-leikaranum Manu Bennett. Samstarfið spratt upp úr Facebook-skilaboðum en Manu er mikill Íslandsvinur.

Ég er frá Vestmannaeyjum og Manu var þar fyrir tveimur mánuðum. Hann þekkir Elliða bæjarstjóra – hann mætti sem sagt fyrst til Eyja í fyrra, á Goslokahátíðina, þar sem hann kynntist Elliða. Síðan kom hann aftur núna í júní, bæði til að heimsækja Elliða og Eyjarnar. Ég sá á Instagram að hann var í Eyjum þannig að ég fann Fésbókina hans og sendi honum línu um að ég gæti veitt honum leiðsögn um Eyjarnar og að ég væri handritshöfundur og að það væri gaman að hitta hann. Þá var hann um borð í Herjólfi á leiðinni aftur í land. En hann var búinn að ákveða að hann ætlaði að koma á Þjóðhátíð þannig að hann sagði að við ættum endilega að vera í bandi. Við héldum þeim þræði og svo kom hann miðvikudaginn fyrir Þjóðhátíð og sagði mér frá hugmynd sinni um Over the Volcano,“ segir Silla Berg handritshöfundur, sem heldur nú í dag út til að vinna með Hollywood-leikaranum Manu Bennett við gerð handrits fyrir kvikmynd sem nefnist Over the Volcano.

„Þegar hann kom á Þjóðhátíð þá dembdum við okkur í að skrifa handritið og þróa hugmyndina og við skemmtum okkur líka vel á Þjóðhátíð. Við erum búin að tala við fjárfesta hérna í bænum sem hafa áhuga þannig að við erum í raun bara að klára þetta handrit áður en við sjáum hver næstu skref verða.“

**ÉG SÁ Á INSTAGRAM AÐ HANN VAR Í EYJUM ÞANNIG AÐ ÉG FANN FÉSBÓKINA HANS OG SENDI HONUM LÍNU UM AÐ ÉG GÆTI VEITT HONUM LEIÐSÖGN OG AÐ ÉG VÆRI HANDRITSHÖFUNDUR.**

Manu Bennett er frægastur fyrir að hafa leikið Azog í Hobbitamyndunum, en hann leikur einnig í þáttunum Arrow þar sem hann fer með hlutverk Deathstroke.

„Hann kom fyrst til Íslands fyrir tveimur árum, það var eiginlega bara óvart.



Nýsjálenski leikarinn Manu Bennett hefur leikið í Hobbitanum, Arrow og Spartacus. GETTY IMAGES

Hann var á leiðinni til Parísar en var sendur til Íslands fyrst vegna verkfalls hjá Air France. Hann sá auglýsingu frá Farmers Market á flugvellinum – fólk í íslenskum lopa, einhver maður með skegg og þannig. Honum fannst þetta svo geggjað að hann ákvað að koma aftur til landsins og hefur síðan komið átta sinnum. Hann féll algjörlega fyrir landi og þjóð.“

Silla lærði handritagerð í Vancouver Film School en hún heldur einmitt út til Vancouver til þess að klára fyrsta uppkast handritsins með Manu sem verður þar við tökur á Arrow.

„Hann er að fara að taka upp tvo þætti af Arrow og ég var í Vancouver Film School þannig að ég ætla bara að skella mér út með honum. Við ætlum að vinna í handritinu og klára gott fyrsta uppkast og sjá svo hver fyrstu skrefin verða. Það fer eftir því hvað gerist þegar við erum búin með handritið og senda það á framleiðendur og svona.“

*Hvað getur þú sagt okkur um myndina á þessu stigi?* „Þetta er þroskasaga sem fjallar um stelpu úr Eyjum sem er í kringum tvítugt. Flestir krakkar á þeim aldri eru að flytja á brott úr Eyjum, fara til Reykjavíkur í háskóla og annað. En tengsl hennar við heimahagana eru sterk og hún vill vera áfram í Eyjum. Myndin fjallar um það hvernig hún leitar að sjálfsvitund sinni á eyjunni og hvar hún passar inn í samfélagið, hvernig hún reynir að skapa eitthvað nýtt sem heldur henni og öðru ungu fólki á eyjunni.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

KFC

# SUPER CHARGE TWISTER

## KRAFTMIKIL
## VEFJA SEM VEFST EKKI FYRIR NEINUM



## ÖGRAÐU BRAGÐLAUKUNUM

IT'S FINGER LICKIN' GOOD

*Original Recipe*

**999 kr.**

Original kjúklingalundir, iceberg, chili-relish og Supercharge-sósa. Vafið saman í heita, mjúka, ristaða tortillu.




**1.899 kr.**

Supercharge Twister, franskar, 3 Hot Wings, gos og Prins Xtra.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Benedikt Bóas



## Að skíta í heyið

Hvað eru eiginlega færslugjöld? Að þessu spurði dóttir mín þegar ég var að reyna að útskýra fyrir henni og vinkonu hennar að Íslandsbanki og Íþróttabandalag Reykjavíkur hefðu verið að stela pening af fólki sem vildi gefa þeim sem minna mega sín, oftast veikum börnum. Við sátum við matarborðið og ræddum um hlaupið því vinkona þeirra hafði hlaupið fyrir Kraft. Og við styrktum hana um heilar þúsund krónur.

Sem betur fer sá bankinn að sér og skeindi sér eftir að hafa skitið allhressilega í heyið. Eftir holskeflu af gagnrýni og leiðindaumræðu ætlar bankinn að gefa eftir þessar milljónir og græja þær bara sjálfur. Slíkt er gott og slíkt er auðvitað það eina rétta í stöðunni. Hitt var bara hallærislegt.

Bankinn skilaði átta milljarða króna hagnaði en gat ekki fyrir sitt litla líf séð af einhverjum milljónum til að reka vefsíðu. Nei, 10 prósent af öllum peningum sem söfnuðust skyldu fara til tölvukalla. Þetta er náttúrulega eitthvert mesta hneyksli í sögunni því rányrkja bankans stóð yfir í áratug. Annaðhvort eru menn alvöru styrktaraðilar eða ekki.

Banki sem kenndur er við Ísland finnst manni eiga að vera fyrir Íslendinga en það hefur eitthvað gleymst. Nú er hann bara fyrir hluthafa og hver króna skiptir máli. Jafnvel þó það þýði að stela henni frá veikum börnum og þeim sem minna mega sín.

Samkvæmt orðum ÍBR þá er kostnaðurinn fólginn í vinnu við tölvukerfið sem hýsir söfnunina, vinnulaunum starfsfólks og færslugjöldum greiðslukorta. Og þetta hefur verið gert alla tíð. ÍBR hefur heimild til að taka 10 prósent en hefur yfirleitt nýtt sér sjö.

Íslandsbanki og ÍBR eru skúrkar. Jafnvel þótt bankinn hafi gefið sitt eftir. Engar sögur eiga nefnilega að byrja : Einu sinni var bankastjóri sem stal af veiku fólki. Þannig eru bara hryllingssögur.








